Quand le médecin ou n'importe qui de haut placé glissait une expression cachoise dans la conversation comme «elle pète par la sente» au lieu de «elle va bien», mon père répétait la phrase du docteur à ma mère avec satisfaction, heureux de croire que ces gens-là, pourtant si chics, avaient encore quelque chose de commun avec nous, une petite infériorité (Ernaux, 1983, p. 62-63).

Le patois est vu par le père comme une marque d'infériorité, c'est le langage des paysans et donc de ceux qui font partie de la classe dominée. Il était donc nécessaire de chercher dans le vocabulaire des paysans en Islande pour trouver une solution. Certes, la distinction sociale n'est peut-être pas aussi claire que dans d'autres pays, néanmoins il faut tenir compte du fait que l'histoire se déroule dans la première moitié du vingtième siècle, quand il y avait un grand écart entre ceux qui habitaient la ville et ceux qui habitaient la campagne. En islandais, les paysans employaient des termes liés à la nature et aux animaux. On a donc cherché à trouver une locution avec la même signification et qui rend aussi cet aspect paysan. La solution a été « Hún er frísk sem fiskur og kát sem kið » (Elle est fraîche comme un poisson et heureuse comme une chevrette).

Un autre exemple de ce patois se trouve dans la phrase prononcée par le grand-père : «La colère de mon grand-père dura des heures. « Espèce de grand piot » (nom de dindon en

normand) » (Ernaux, 1983, p. 28). Le grand-père gronde son fils et s'en sert d'un mot normand qui signifie « dindon ». En islandais on n'utilise pas le mot dindon pour gronder quelqu'un, on n'a même pas beaucoup de dindons en Islande, surtout pas au début du vingtième siècle. Les noms des gallinacés (la famille des dindons) ne font pas partie du vocabulaire de la gronderie. Par conséquent, il a fallu chercher plus loin. Le résultat a été le mot « sauður » (mouton) : « sauðurinn þinn ! ». Avec ce mot on se tient dans le terrain des animaux tout en transférant la gronderie d'une culture à une autre, puisque le mot « sauður » est très connu en islandais, les paysans du vingtième siècle tenaient surtout des moutons, et le mot porte aussi la signification de « benêt ».

Il n'est pas toujours facile de trouver la meilleure manière pour traduire des textes. Notre but était de ne pas trahir le texte, en d'autres termes, de rendre la signification, le style et l'ambiance de l'œuvre en pensant toujours à ce qu'a dit Annie Ernaux, quand elle a souligné que ce n'était pas seulement l'histoire de son père, mais de beaucoup d'autres gens. Ainsi, nous avons essayé de faire des choix pour rendre le texte au lecteur islandais, sans changer complètement le lieu (champ) du récit. Comme on a vu dans l'étude du texte, Annie Ernaux a échappé à la trahison grâce à son style particulier, et il est de notre espoir que nous avons échappé nous aussi de la même manière à la trahison de la traduction.

## Conclusion

La trahison a été la préoccupation centrale de notre étude de *La Place* d'Annie Ernaux, comme de notre traduction du livre. La trahison n'est pas seulement un thème central dans l'œuvre d'Annie Ernaux mais elle l'est aussi dans le travail même de la traduction puisque le traducteur craint constamment de trahir le texte d'origine.

Nous avons rappelé dans un premier chapitre, que la vie d'Annie Ernaux constitue la matière de toute son œuvre, *La Place* n'y faisant aucunement exception. Dans le deuxième chapitre l'œuvre est étudiée, par rapport au style de l'auteure, aux connotations sociologiques et à la distinction qui y est faite entre les classes, le tout à la lumière des théories de Pierre Bourdieu. Nous avons montré que l'auteure construit son travail comme le ferait un chercheur ce qui explique qu'il est souvent comparé aux études sociologiques ou ethnographiques. C'est justement par cette approche qui se situe entre « le scientifique » et « le littéraire » qu'elle arrive à ne pas trahir sa classe d'origine. Finalement dans le troisième chapitre, nous nous sommes proposé de présenter les problèmes rencontrés lors de la traduction du livre en mettant l'accent sur des exemples faisant référence aux placements sociaux.

Une des questions formulée au début du travail concernait le style d'Annie Ernaux et la façon dont il s'accordait avec le sujet du livre. Le style, l'écriture plate, est en sorte similaire au style dont elle se servait quand elle écrivait à ses parents autrefois, et elle rappelle aussi la façon dont elle et ses parents se comportaient envers les clients du café et de l'épicerie. On pourrait dire qu'en se servant de l'écriture plate, l'auteure arrive à raconter la vérité et rester objective : ne pas trahir sa classe. Mais on se demande quand même s'il n'y a pas une sorte de trahison, justement envers la classe sociale, dans le fait de faire une étude, une ethnographie sociale, de la vie d'un membre de la famille.

Notre discussion de la trahison est restée objective, nous n'avons pas cherché à contredire l'auteure et il va de même de notre approche de la la traduction. En nous appuyant sur les faits de la vie d'Annie Ernaux, des recherches sur son style, les théories sociologiques, mais aussi sur ce qu'elle a dit elle-même à propos de son écriture, nous avons voulu rester fidèle à ce qu'a fait l'auteure. À la fin, il revient aux lecteurs de juger la traduction – vont-ils faire l'expérience de l'écriture plate, des distinctions et de l'ambiance si particulière de *La Place* ? Seule la lecture peut y répondre.



## La traduction : *Staðsetningar*

„Ég geri tilraun til að setja fram skýringu: Að skrifa er örþrifaráð þeirra sem hafa svikið“

Jean Genet<sup>2</sup>

---

<sup>2</sup> Annie Ernaux sagði í viðtali að tilvitnanir sem hún notar í upphafi bóka sinna hafi mikla þýðingu, nánast jafn mikla og titlar bókanna. Sú sem hún notar hér er úr viðtali við Jean Genet og birtist í *Le Nouvel Observateur*. Hún telur að setningin beri merkingafræðilegt gildi sem tengist bókinni, það gildi sé þó undirskilið, þ.e. að setningin gefi til kynna, án þess að segja það beint, svik við eigin þjóðfélagsstétt (Ernaux et Fort, 2003, 989).

Ég tók verklega prófið fyrir kennsluréttindi á framhaldsskólastigi<sup>3</sup> í Croix-Rousse hverfinu<sup>4</sup> í Lyon. Þetta var<sup>5</sup> nýr menntaskóli með pottaplöntum í kennaraálmunni og bókasafnið var lagt drapplituðu teppi. Þar beið ég eftir því að verða sótt til þess að hefja kennslustundina, sem var viðfangsefni prófsins, í viðurvist prófdómara og tveggja meðdómenda, báðir viðurkenndir sérfræðingar í bókmenntakennslu. Kona leiðrétti verkefni af röggsemi og án þess að hika. Það nægði að komast ágætlega í gegnum næsta klukkutímam til þess að mega gera eins og hún allt mitt líf. Fyrir framan nemendur í öðrum bekk í framhaldsskóla, á stærðfræðibraut<sup>6</sup>, útskýrði ég tuttugu og fimm línur – það þurfti að tölusetja þær – úr bókinni *Père Goriot* eftir Balzac. „Þú<sup>7</sup> þurftir bókstaflega að draga nemendurna í gegnum þetta“ sagði prófdómariinn í ávítunartón eftir á, inni á skrifstofu skólameistarans. Hann sat á milli meðdómendanna, karlmanns og nærsýnnar konu í bleikum skóm. Ég beint á móti þeim. Í stundarfjórðung runnu saman hjá honum gagnrýni, lof og ráðleggingar en ég lagði naumlega við hlustir og hugsaði frekar með sjálfri mér hvort þetta þýddi að ég hefði náð. Skyndilega stóðu þau öll í einu á fætur, alvörugefin. Ég stóð einnig upp með hraði.

---

<sup>3</sup> Í Classico Collège útgáfu Belin Gallimard à *La Place* eru gefnar útskýringar á ýmsu innan textans í neðanmálgreinum. Við setninguna „les épreuves pratiques du Capes“ er „Capes“ útskýrt sem „certificat d’aptitude à l’enseignement du second degré, concours donnant accès à un poste de professeur“ (Blévenec, 2012, 11). Orðið er því skammstöfun og merkir hæfnipróf til kennsluréttinda á menntaskólastigi. Með „épreuves pratiques“ er átt við verklegt próf.

<sup>4</sup> Hér bæti ég við orðinu „hverfinu“ til þess að skýra út hvað er átt við með „Croix-Rousse“, en það er útskýrt í neðanmálgrein Belin Gallimard útgáfunnar „quartier de Lyon“ (Blévenec, 2012, 11).

<sup>5</sup> Bætt inn í til þess að íslenska setningin sé skýrari. Það er áberandi í stíl Annie Ernaux að setningarnar eru oft byggðar upp án notkunar sagnorða eða að notkun þeirra sé í algjöru lágmarki. Þetta getur gengið upp á íslensku í ákveðnum tilvikum, en oftast er ekki nauðsynlegt að bæta þeim við til þess að íslensku setningarnar geti staðið einar og sér og til þess að textinn flæði betur. Þetta er matsatriði í hvert skipti og þrátt fyrir að reynt sé að halda þýðingunni sem næst upprunalega textanum þarf stundum að leita lengra á íslensku. Það er raunin hér og „Þetta var“ bætt við í upphafi setningar í stað þess að láta hana byrja eins og þá frönsku „Un lycée neuf...“ (Nýr menntaskóli). Þessi leið er farin á fleiri stöðum í þýðingunni, og er fjallað um þetta í greinargerðinni sem fylgir þýðingu.

<sup>6</sup> Snara.is frönsk-íslensk orðabók: la première = (kv) annar bekkur framhaldsskóla (16 ára). Í stað þess að tala eingöngu um annan bekk (la première) er hér notuð þýðing snöru.is til þess að ítreka að um sé að ræða framhaldsskóla. Á Íslandi viðgengst bekkjakerfi ekki í öllum framhaldsskólum og því finnst mér við hæfi að taka menntastigið sérstaklega fram.

<sup>7</sup> Í upprunalega textanum er notuð þérun í þessari setningu. Þérun er ekki lengur notuð í íslensku máli, þó svo að hún hafi enn ákveðið gildi innan tungumálsins. Það mætti vel halda þéruninni inni í textanum hér, þar sem hún gefur til kynna ákveðna virðingu og fágun. Ég tel þó að þessi virðing skíni í gegn á annan hátt, t.a.m. með orðinu „frú“ sem kemur seinna í textanum. Það er því mín ákvörðun að skipta þéruninni út fyrir aðra persónu eintölu og auðveldar það lesturinn og hentar betur inn í þýðinguna.

Prófdómarinn rétti mér höndina. Því næst leit hann beint í augun á mér og sagði: „Frú, til hamingju“. Hin endurtóku „til hamingju“ og tóku í höndina á mér, konan með bros á vör.

Ég hætti ekki að hugsa um þessa athöfn fyrr en strætóinn var kominn á stoppistöðina, pirruð og á vissan hátt skömmustuleg. Sama kvöld skrifaði ég foreldrum mínum að ég væri komin með „full réttindi“ sem kennari. Mamma<sup>8</sup> svaraði að þau væru mjög ánægð fyrir mína hönd.<sup>9</sup>

Pabbi lést tveimur mánuðum síðar, upp á dag. Hann var sextíu og sjö ára og rak, ásamt mömmu, kaffihús og matvöruverslun í rólegu hverfi ekki langt frá lestarstöðinni í Y...<sup>10</sup> (Seine-Maritime). Hann reiknaði með því að setjast í helgan stein eftir eitt ár. Það kemur stundum fyrir, í nokkrar sekúndur, að ég veit ég ekki hvort atburðurinn í menntaskólanum í Lyon gerðist á undan eða á eftir, hvort þessi vindasami aprílmánuður þegar ég beið eftir strætó í Croix-Rousse hverfinu, eigi að koma á undan eða í kjölfar dauðdaga hans í kæfandi júnímánuðinum.

Það var á sunnudegi, rétt eftir hádegið.

---

<sup>8</sup> Ég vel að þýða orðin «mère» og «père» með orðunum „mamma“ og „pabbi“ í stað „móðir“ og „faðir“. Þetta er gert til þess að koma til skila þeim einfalda stíl sem höfundur notar við skrif sögunnar.

<sup>9</sup> Í viðtali sem birtist í *The French Review* árið 2003 talar Annie Ernaux m.a. um greinaskil í verkum sínum, en oft er mislangt bil á milli efnisgreina hjá henni. Í viðtalinu segist hún hafa byrjað á þessu í *La Place* og viljað með því afneita hinni hefðbundnu og klassísku skáldsögu. Í staðin vildi hún setja fram einskona etnógrafíu, enda var titill verksins upphaflega *Éléments pour une ethnographie familiale* (Þættir í etnógrafíu fjölskyldunnar). Með þessu vildi hún ítreka að þetta væri ekki skáldsaga og að verkið falli ekki í sama listræna flokk og skáldsögur. Þetta eru sundurslitnir þættir, ekki samtengdur texti. Hún tengir greinaskilin við ljóð og það hvernig erindi standa ein og sér. Greinaskilin gera það að verkum að ekki er nauðsynlegt að tengja á milli þeirra, þættirnir standa sjálfir og smáatriðin fá að njóta sín (Ernaux et Fort, 2003, 990). Í þýðingunni verður þessum greinaskilum haldið eins og þau birtast í frönsku útgáfunni. Það er áhugavert að sjá að Annie Ernaux tengir þetta atriði, sem einkennir stíl hennar að miklu leyti, við ljóð og uppsetningu þeirra. Með því er hún að setja verk sitt undir ákveðið listrænt form, en tekur fram að það sé ekki það sama og skáldsögur falla yfirleitt í. Þetta er skoðað nánar í greinargerð sem fylgir þýðingunni.

<sup>10</sup> Höfundurinn, Annie Ernaux, notar fremsta bókstaf bæjarheita í stað þess að nota sjálft nafn bæjarins. Þetta gerir hún við þá bæi þar sem hún sjálf ólst upp. Hér er „Y...“ bærinn „Yvetot“ og síðar í sögunni er talað um „L...“ og er þá átt við „Lillebonne“.

Mamma birtist efst í stiganum. Hún þerraði á sér augun með munnþurrkunni sem hún hafði líklega tekið með sér upp í herbergið eftir hádegismatinn. Hún sagði daufrí röddu: „Þetta er búið“. Ég man ekki eftir mínútonum þar á eftir. Það eina sem ég sé eru augu pabba sem störfðu á eitthvað fyrir aftan mig í fjarska og uppbrettar varirnar umhverfis tennurnar. Ég held að ég hafi beðið mömmu að loka á honum augunum. Við rúmið voru einnig móðursystir mín og maðurinn hennar. Þau höfðu boðist til þess að aðstoða með líkþvottinn og raksturinn þar sem það þurfti að hafa hraðar hendur áður en líkið myndi stífna upp. Mömmu hafði dottið í hug að hægt væri að klæða hann í jakkafötin sem hann hafði notað í fyrsta skipti í brúðkaupinu mínu þremur árum áður. Allt gekk þetta fumlaut fyrir sig, engin öskur eða væl, mamma var bara rauð í augunum og með frosið, þvingað bros. Hreyfingarnar voru framkvæmdar af yfirvegum, skipulega, og þeim fylgdu hversdagsleg orð. Frændi minn og frænka sögðu aftur og aftur „hann var ekkert að tvínóna við þetta“ eða „mikið hefur hann breyst“. Mamma talaði við pabba eins og hann væri ennþá á lífi eða eins og það byggi í honum einhver sérstök mynd af lífi, í líkingu við þá sem er að finna hjá nýfæddum börnum. Stöku sinnum kallaði hún hann ástúðlega „vesalings litli karlinn minn“.

Eftir raksturinn tók frændi minn líkið og hélt því uppi svo hægt væri að fjarlægja skyrtuna sem hann var í síðustu dagana og skipta henni út fyrir aðra hreina. Höfuðið hékk fram á nakta, æðaslitna bringuna. Í fyrsta skipti á ævinni sá ég kynfæri pabba. Mamma var fljót að hylja þau með hreina skyrtulafinu, svolítið flissandi: „Feldu nú þessa smámuni, vesalings karlinn minn“. Að loknum líkþvottinum voru hendur pabba krosslagðar utan um talnaband. Ég man ekki hvort það var mamma eða frænka mín sem sagði: „Hann er huggulegri svona“.<sup>11</sup> Sem sagt snyrtilegur, viðeigandi. Ég lokaði gluggahlerunum og vakti son minn af miðdegishvöldinni í næsta herbergi. „Afi er farinn að lúlla“.

Fjölskylda okkar sem býr í Y... kom við eftir að frændi minn hafði látið þau vita. Þau fóru upp með mér og mömmu og stóðu hljóð við rúmið stutta stund, að því búnu pískruðu þau um veikindin og skyndilegt fráfall pabba. Þegar þau komu aftur niður buðum við þeim upp á drykk á kaffihúsinu.

---

<sup>11</sup> Setningu skipt í tvennt. Þetta er gert á fleiri stöðum í þýðingunni, yfirleitt vegna þess að setningin hljómar ekki nægjanlega vel sé hún þýdd í heild á íslensku og er það tekið fram í hvert skipti í neðanmálgrein. Þeim er því skipt í tvennt við greinamerki (til dæmis kommur) og þannig búnað til tvær sjálfstæðar setningar.

Ég man ekki eftir vaktlæknum sem staðfesti andlátíð. Á nokkrum klukkustundum varð andlit pabba óþekktanlegt. Seinni part dags átti ég stund ein í herberginu. Sólin smeygði sér í gegnum gluggahlerana og lenti á línóleumdúknum á gólfinu<sup>12</sup>. Þetta var ekki lengur pabbi. Innfallnir andlitsdrættirnir virtust hafa runnið saman í eitt stórt nef. Í dökkbláu jakkafötunum sem héngu utan á líkamanum líktist hann helst hreyfingarlausum fugli. Svipurinn sem hann hafði verið með klukku tímann eftir andlátíð, með galopin og starandi augun, var nú þegar horfinn. Ekki einu sinni sá maður myndi birtast mér aftur.

Við byrjuðum að skipuleggja jarðarförina, viðhöfnina við útförina<sup>13</sup>, guðsþjónustuna, dánartilkynninguna og sorgarklæðin. Mér fannst eins og þessi undirbúningur hefði ekkert með pabba að gera. Athöfn sem hann yrði ekki viðstaddur af einhverri ástæðu. Mamma var í miklu uppnámi og sagði mér frá því að nóttina áður hefði pabbi þreifað sig áfram til þess að kyssa hana en þá gat hann ekki lengur talað. Hún bætti við: „Hann var myndarlegur strákur á sínum yngri árum, þú skilur hvað ég á við“.

Lyktin kom á mánudegi. Ég hafði ekki gert ráð fyrir henni. Mildur fnykur í fyrstu, síðan skelfileg fýla af gleymdum afskornum blómum í úldnu vatni.

Mamma lokaði versluninni einungis á meðan á jarðarförinni stóð. Annars hefði hún misst af viðskiptavinum og það gat hún ekki leyft sér. Lík pabba hvíldi á efri hæðinni og hún afgreiddi pastís og rauðvín niðri. Tár, þögn og virðuleiki eru rétt hegðun við fráfall nákomins

---

<sup>12</sup> Hér er bætt við „á gólfinu“, til þess að ítreka að þarna sé átt við gólfdukk en ekki annarskonar dúk.

<sup>13</sup> CNRTL: classe = II. – A. – 1. Division hiérarchisée de personnes ou de choses que distingue la valeur (grade, solennité, confort etc.). *Classes d'enterrement; classe de wagons de chemin de fer.*

II. – A. – 2. B) Emplois spéc. *LITURG. CATH. Vieilli.* Degré de pompes extérieures accompagnant à l'église les cérémonies de mariage ou d'enterrement. *Enterrement, mariage de première, de seconde, de troisième classe.*

Þarna er verið að velja í hvaða „classe“ eigi að jarða föðurinn og hér virðist vera ákveðin tilvísun í þá samfélagslegu stöðu sem er svo stór hluti af umfjöllun Annie Ernaux þegar kemur að fortíð hennar. Stéttaskipting spilar mikinn þátt í sögunni og er eitt af þeim atriðum sem höfundur dregur helst fram í samskiptum sínum við föður sinn. Það er erfitt að þýða þetta beint yfir á íslensku af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er stéttaskipting eða stéttameðvitund ekki jafn mikil á Íslandi og í Frakklandi og það þekkt ekki beint að mismunandi tegundir séu af útförum nema um sé að ræða þjóðþekkt einstaklinga; seinni ástæðan er sú að þjónusta útfararstofa er ekki jafn mikið nýtt á Íslandi og í Frakklandi. Því þótti best í þessu tilviki að tala um „útför“ í stað „útfararstofu“ og velja orðið „viðhöfn“ til þess að koma «classe» til skila. Síðar í textanum verður „pompes funèbres“ þó þýtt sem „útfararþjónusta“, en í því samhengi á það betur við.

ættinga í heiðvirtu samfélagi. Í þeim mannasíðum sem mamma fylgdi, ásamt reyndar öllu hverfinu, skipti slíkt ekki máli. Á milli dauðsfalls pabba á sunnudegi og jarðarfararinnar á miðvikudegi minntist hver og einn fastagestur á tíðindin með fáeinum orðum um leið og hann var sestur. Sumir töluðu í hálfum hljóðum: „Óskaplega tók þetta fljótt af...“, aðrir gerðu sér upp glaðværð: „Jæja, svo stjórnin hefur gefist upp“. Þeir sögðu okkur hvernig þeim hafði liðið þegar þeir heyrðu fréttirnar: „Ég var alveg miður mín“. „Ég vissi ekki hvað ég átti að gera við mig“. Þeir vildu þannig sýna mömmu að hún væri ekki ein í sorginni.<sup>14</sup> Einskonar kurteisni af þeirra hálfu. Margir minntust þess þegar þeir sáu hann síðast við fulla heilsu og grófu upp öll smáatriði minningarinnar; nákvæman stað og stund, orðaskiptin sem fóru fram og veðrið þann daginn. Hnitmiðuð upprifjunin á því þegar lífið gekk sinn vanagang átti að lýsa því mikla áfalli sem fráfall pabba hafði á þá. Það var einnig af kurteisissökum sem þeir vildu fá að sjá stjórnann. Mamma varð þó ekki við öllum beiðnum. Hún greindi á milli þeirra góðu sem sýndu raunverulega samúð og þeirra slæmu sem knúnir voru áfram af forvitni. Það fengu næstum allir fastagestir kaffihússins leyfi til þess að kveðja pabba. Eiginkona verkstjóra sem bjó í nágrenninu var vísað frá af því að hann hafði aldrei þolað hana í sínu lifanda lífi, hvorki hana sjálfa né yfirlætislegt smettið á henni.

Útfararþjónustan kom á mánudeginum. Stiginn sem liggur frá eldhúsinu upp að herbergjunum reyndist vera of mjór fyrir líkkistuna. Það þurfti að pakka líkinu inn í plastpoka og draga það, frekar en bera, niður tröppurnar, í líkkistuna sem komið hafði verið fyrir í miðju kaffihúsinu en því hafði verið lokað í klukku tíma. Það tók mjög langan tíma að komast niður og starfsmennirnir ræddu fram og aftur bestu aðferðina við að bera sig að, hvernig skyldi komast hjá beygjunni og svo framvegis.

Það var gat á koddanum sem höfuðið hafði hvílt á síðan á sunnudag. Við höfðum ekki tekið til í herberginu á meðan líkið var þar. Fötin hans pabba voru ennþá á stólnum. Úr rennda vasanum á vinnugallanum tók ég búnt af miðum, uppgjör síðastliðins miðvikudags. Ég henti lyfjunum og setti fötin í þvottakörfuna.

Daginn fyrir jarðarförina var kálfakjöt soðið fyrir máltíðina sem átti að fylgja athöfninni. Það hefði verið dónalegt að senda fólk heim á tóman magann þegar það hefur sýnt manni þá virðingu að vera viðstatt útförina. Maðurinn minn kom um kvöldið, sólbrúnn, vandræðalegur vegna ástvinamissis sem tengdist honum ekki. Hann virtist enn týndari hér en áður. Við sváfum í eina tvíbreiða rúminu, því sama og pabbi lést í.

---

<sup>14</sup> Setningu skipt í tvennt.

Það var mikið af fólki úr hverfinu í kirkjunni, heimavinnandi húsmæður og verkamenn sem höfðu tekið sér klukkutíma pásu frá vinnu. Auðvitað hafði enginn af þeim „háttsettu“ einstaklingum sem pabbi hafði átt viðskipti við né aðrir verslunarmenn ómakað sig. Hann tilheyrði engu, borgaði bara félagsgjaldið í verslunarmannafélagi bæjarins án þess þó að taka þátt í einu né neinu. Í ræðunni í jarðarförinni talaði presturinn um „heiðarlegt, vinnusamt líf“ og „mann sem aldrei hafði gert á nokkurs hlut“.

Síðan voru það handatökin. Vegna mistaka meðhjálparans sem stjórnaði athöfninni tók sama fólkið í höndina á okkur tvisvar nema að hann hafi viljað með þessum hætti stækka hóp viðstaddra. Seinni hringurinn gekk hratt fyrir sig og honum fylgdu engar samúðarkveðjur. Mamma brast í grát í kirkjugarðinum þegar kistan seig vaggandi niður í gröfina í köðlunum, rétt eins og hún hafði gert í kirkjunni á brúðkaupsdaginn minn.

Erfidrykkjan var haldin á kaffihúsinu þar sem borðunum hafði verið raðað upp eftir endilöngu. Eftir rólega byrjun komust samræðurnar á skrið. Drengurinn, sem var vaknaður eftir góðan lúr, fór milli gesta og bauð blóm, steina og allt það sem hann fann í garðinum. Föðurbróðir minn sem sat frekar langt frá mér hallaði sér í átt til mín og kallaði: „Manst þú þegar pabbi þinn keyrði þig í skólann á hjólinu?“. Hann var með sömu rödd og pabbi. Um fimm leytið voru gestirnir farnir. Við sögðum ekki orð á meðan við gengum frá borðunum. Maðurinn minn tók lestina heim sama kvöld.

Ég dvaldi hjá mömmu í nokkra daga til þess að ganga frá lausum endum og formsatriðum sem fylgja dauðsfalli. Það þurfti að skrá andlátið í fjölskyldubókina í ráðhúsinu, greiða útfararþjónustunni, svara samúðarkveðjum og<sup>15</sup> láta útbúa ný nafnspjöld: *Ekkja A... D... heitins*. Þetta var innantómur tími. Nokkrum sinnum þegar ég var á göngu um bæinn hugsaði ég: „Ég er fullorðin kona“ (mamma hafði sagt þegar tíðablæðingar hófust hjá mér: „Þú ert stór stelpa“.)

Við tókum saman fötin hans pabba til þess að gefa þau þeim sem á þyrftu að halda. Ég fann peningaveskið hans í hversdagsjakkanum sem hékk í búrinu<sup>16</sup>. Í því var svolítið af peningum, ökuskríteinið og í þeim hluta sem brýst saman var ljósmynd sem smeygt hafði verið inn í blaðaúrklippu. Þetta var gömul ljósmynd með sagtennta kanta sem sýndi hóp

---

<sup>15</sup> Hér eru tvær setningar sameinaðar í eina. Setningarnar tengjast og því þótti innihald textans koma betur út í einni setningu.

<sup>16</sup> Þessari setningu er snúið við og kommur teknað út til þess að gera hana læsilegri.

verkamanna stillt upp í þrjár raðir, allir voru þeir með húfur á höfði og stöðu beint í linsuna. Ljósmynd eins og maður finnur í sögubókum sem myndefni við frásögn um verkfall eða Front Populaire<sup>17</sup>. Ég kom auga á þessa í öftustu röðinni, alvarlegan, næstum áhyggjufullan. Margir voru hlæjandi. Í blaðaúrklippunni voru birtar niðurstöðurnar, í einkunnaröð, úr inngönguprófinu í kennaraháskólann<sup>18</sup>. Annað nafnið var mitt.

Mamma róaðist smám saman. Hún afgreiddi viðskiptavinina eins og áður. Nú þegar hún var orðin einsömul var farið að slakna á andlitsdráttum hennar. Hún hafði vanið sig á það að fara í kirkjugarðinn á hverjum morgni áður en verslunin opnaði.

Í lestinni á leiðinni tilbaka á sunnudeginum reyndi ég að hafa ofan af fyrir syni mínum til þess að hann héldist rólegur, farþegar á fyrsta farrými þola illa hávaða eða börn á iði. Allt í einu og án þess að ég ætti mér nokkurs von, flögraði að mér: „Núna er ég í raun efristéttarkona“ og „það er of seint“.

Seinna um sumarið á meðan ég beið eftir fyrsta starfinu mínu kom svo: „Ég verð einhverntímann<sup>19</sup> að útskýra þetta allt saman“. Ég átti við að ég þyrfti að skrifa um þessa minn, um líf hans og þessa fjarlægð sem myndaðist á milli okkar á unglingsárunum. Ákveðin stéttarskipting, ósejjanleg. Eins og aðskilin ást.

---

<sup>17</sup> Neðanmálsgrein Classico Collège: „Front populaire : entre 1936 et 1938, période durant laquelle la France a été gouvernée par des partis de gauche, marquée par d'importantes réformes sociales (comme l'instauration des congés payés)“ (Blévenec, 2012, 18). Front populaire er heiti vinstriinnviðs stjórnmálabandalags sem var við völd í Frakklandi frá 1936-1938.

<sup>18</sup> CNRTL: I.- A.- 1. *En partic.* [École est souvent suivi d'un adj. déterminatif ou d'un compl. prép. indiquant la nature, le lieu, l'esprit de l'enseignement ou la qualité de l'enseignant]. c) Établissement d'enseignement supérieur plus ou moins spécialisé. Hér var þetta þýtt sem „kennaraháskólann“. Með því er þó verið að útloka úr þýðingunni að skólinn var eingöngu fyrir kvenfólk, sbr. «institutrices». Kennslukonuháskólinn virtist ekki hljóma nægjanlega vel, Kennslukonuskólinn gæti gengið upp en þó vantar þá upp á að átt sé við hærra stig menntunar sbr. «supérieur». Til þess að viðhalda sem réttustu merkingu er því talað um Kennaraháskóla.

<sup>19</sup> Hér er notuð «futur» og til þess að koma því til skila í íslenskri þýðingu hefur orðinu „einhverntíman“ verið bætt inn í. Með því liggur atburðurinn í komandi framtíð, fremur en í nútíð hefði þessari viðbót verið sleppt.



Í framhaldi af þessu byrjaði ég að skrifa skáldsögu þar sem hann var aðalpersónan. Þegar ég var hálfnuð missti ég löngunina<sup>20</sup>.

Ég átta<sup>21</sup> mig á því núna að það kemur ekki til greina að skrifa skáldsögu<sup>22</sup>. Þegar um frásögn af nauðungastýrðu lífshlaupi er að ræða hef ég hvorki leyfi til að gangast inn á forsendur listforms né til þess að gera eitthvað „hrífandi“ eða „hjartnæmt“.

Ég mun taka saman orð pabba, gjörðir hans, skoðanir og eftirminnileg atvik frá ævi hans; allar hlutlausu staðreyndir þessarar tilveru sem ég hef einnig verið hluti af.

Engar ljóðrænar endurminningar, engar sjálfumglaðar háðsglósur. Flatur ritstíll<sup>23</sup> er mér eðlislægur, sá sami og ég notaði áður fyrr þegar ég skrifaði foreldrum mínum helstu fréttir af mér.

---

<sup>20</sup> CNRTL: dégoût = C.– Manque d'intérêt ou d'estime pour quelque chose (parfois pour quelqu'un).

<sup>21</sup> Eitt af einkennum Annie Ernaux og stíls hennar er flakk á milli tíða. Það er oft eins og hún, sögumaðurinn, sé staðsett bæði í nútíð sögunnar og í nútíð skrifanna. Með öðrum orðum, hún lýsir þátíðinni eins og hún sé þar sjálf. Inn á milli kemur hún svo með innskot þar sem hún, sem rithöfundurinn, kemur með athugasemdir og útskýringar á skrifunum. Hér er fyrsta slíka innskotið. Í franska textanum beygir hún sagnir í nútíð í þessum innskotum, á meðan frásögnin sjálf er í þátíð. Það sama verður gert í íslenskri þýðingu. Til þess að ná því fram hér er farin sama leið og enski þýðandinn fór, og „depuis peu“ (nýlega) þýtt sem „núna“. Sé orðið „nýlega“ notað, þarf sögn í þátíð að fylgja með, þar sem það er eitthvað sem hefur þegar gerst. Sé hinsvegar notað „núna“ er hægt að halda sögninni í nútíð og viðhalda þannig þessum sérkennum skrifa Annie Ernaux.

<sup>22</sup> Hér á höfundur við, eins og kemur fram í næstu línunum sem fylgja, að ekki er hægt að skrifa skáldsögu um líf pabba hennar. Í viðtali við Ina Culture þann 6. apríl 1984 talar Annie Ernaux um það hvernig henni hafi fundist það vera hálfgerð svik við líf pabba hennar að skrifa um hann skáldsögu, þar sem skáldsögur sýna ekki alltaf rétta mynd af persónunum og hún hefði að öllum líkindum reynt að láta hann líta betur út en hann gerði í raun. Henni fannst þess konar skrif ekki skila nægjanlega vel hvernig lífi hann lifði, þ.e. erfiðu lífi þar sem allar ákvarðanir voru teknar að nauðsyn, hann átti ekki annars kostar vól. Þess í stað hafi Ernaux valið að setja saman minningar og orðalag sem einkenndu líf pabba hennar og sem sýndu á raunverulegan hátt hvers konar líf það var. Það var ekki hægt að skreyta það á neinn hátt, eins og gert er í skáldsögum, þar sem hugurinn fær að reika og skrifin verða til með hugmyndaflugi. Það vildi Ernaux ekki, hún afneitar hinni hefðbundnu skáldsögu með því að skrifa á þennan hátt (Pivot et Cazenave, 1984).

<sup>23</sup> Annie Ernaux talar um ritstíl sinn sem „style plat“ eða „écriture plate“. Samkvæmt fransk-íslenskri orðabók á Snöru.is er „style plat“ beinlínis þýddur sem „ófrumlegur“. Það þýðir þó ekki að stíll hennar sé ófrumlegur, heldur er þetta hennar leið til þess að útskýra það hvernig hún velur að skrifa. Í áðurnefndu viðtali á Ina Culture talar hún einnig um stíl sinn sem „écriture de constat“, eða svokallaðan skýrslustíl. Það er að segja að hún skreytir ekki frásögnina, hún heldur sig við það hvernig hlutirnir voru og notar orð, orðalag og orðatiltæki sem endurspeglar þann veruleika sem hún upplifði og sem foreldrar hennar og foreldrar þeirra upplifðu. Það er því í raun ekki hægt að nota þýðingu fransk-íslensku orðabókarinnar,

Sagan hefst nokkrum mánuðum fyrir tuttugustu öldina í þorpi í Caux héraði, tuttugu og fimm kílómetra frá sjónum. Þeir sem ekki áttu land *unnu* fyrir stærri bændur héraðsins. Afi minn vann sem kerruekill á einu búinu. Á sumrin tók hann einnig þátt í heyskap og kornuppskeru. Hann hafði ekki gert neitt annað alla sína ævi frá átta ára aldri. Á laugardagskvöldum færði hann konu sinni öll launin og hún gaf honum þá vasapening til þess að hann gæti farið og spilað dómínó og fengið sér aðeins í aðra tána. Hann kom drukkinn heim, enn þjakaðri en áður. Við minnsta tilefni sló hann til barnanna með húfunni sinni. Hann var óvæginn, það þorði enginn að stofna til rífrildis við hann. Konan hans *átti ekki sjö dagana sæla*. Illgirnin var lífshvöt hans, krafturinn til þess að berjast á móti eyndinni og telja sér trú um að hann væri karlmaður. Það sem gerði hann alveg bandvitlausan var að sjá einhvern fjölskyldumeðlim niðursokkinn í bók eða dagblað heima fyrir. Hann hafði ekki haft tíma til þess að læra að lesa og skrifa. En að reikna, það kunnir hann.

Ég hitti afa minn aðeins einu sinni, á dvalarheimilinu þar sem hann lést þremur mánuðum síðar. Pabbi leiddi mig í gegnum risastóra stofuna, framhjá tveimur röðum af rúmum, í áttina að smávöxnum eldri manni með fallett krullað og hvítt hár. Hann var góðmennskan uppmáluð og gerði að gamni sínu þegar hann horfði til mín. Pabbi hafði laumað til hans brennivínsþela sem hann hafði stungið undir rúmfötin sín.

Í hvert skipti sem talað var um hann við mig byrjaði það á: „Hann kunnir hvorki að lesa né skrifa“, eins og þessi upphafssetning væri nauðsynleg til þess að átta sig á lífi hans og persónuleika. Amma mín hafði gengið í klausturskóla. Eins og aðrar konur í bænum vann hún heima við vefnað fyrir verksmiðju í Rouen, í loftlausu herbergi þar sem dauf dagsbirtan skein inn í gegnum ílöng op, litlu stærri en skotraufar. Efnin máttu ekki skemmast af ljósinu. Hún var hirðusöm kona, bæði hvað varðaði hana sjálfa sem og það sem viðkom heimilinu.<sup>24</sup> Í þorpinu skipti hreinlæti höfuðmáli, en nágrennarnir fylgdust grannt með hversu hvítur og í hvernig ástandi þvotturinn var sem hékk til þerris á snúrunni og hvort næturröppurinn væri

---

ófrumlegur stíll, því stíll Ernaux er úthugsaður og hvert orð valið af kostgæfni. Ensk þýðing bókarinnar notast við „neutral way of writing“ (Ernaux, 1992, 23), en það virðist ekki ná alveg utan um merkinguna sem Annie Ernaux leggur í „style plat“. Þetta verður því þýtt beint af frönsku og notað orðið „flatur“ í stað „plat“. Með því næst sú margræðni sem býr í „style plat“. Meira er fjallað um ritstíl Annie Ernaux í greinargerð sem fylgir þýðingu.

<sup>24</sup> Setningu skipt í tvennt.

tæmdur á hverjum degi. Þrátt fyrir að húsin væru aðskilin hvort frá öðru með runnum og hlöðnum veggjum fór ekkert framhjá fólkinu, hvorki hvað klukkan var þegar maðurinn kom heim af kránni, né sá tími mánaðarins þegar taubindin hefðu átt að blakta í vindinum.

Amma var meira að segja fáuð.<sup>25</sup> Á hátíðisdögum klæddist hún krínólínu úr pappa og hún pissaði ekki standandi undir pilsíð eins og flestallar konur í sveitinni gerðu sér til hægðarauka. Í kringum fertugsaldurinn, eftir að hafa eignast fimm börn, var hún langt niðri og talaði ekki svo dögum skipti. Síðar fékk hún gigt í hendur og fótleggi. Til þess að leita sér lækninga fór hún og sá heilagan Riquier og heilagan Guillaume du Désert<sup>26</sup> og nuddaði styttuna með efnisbút sem hún setti síðan á veika útlimina. Smám saman hætti hún að geta gengið. Þá var leigður hestvagn til þess að keyra hana til fundar við dýrlingana.

Þau bjuggu í litlu húsi með hálmþaki og moldargólfi. Það þurfti að úða vatni yfir gólfið áður en það var sópað. Þau lifðu á eigin afurðum úr garðinum og hænsnahúsinu, og á smjöri og rjóma sem bóndinn gaf afa. Þau hugsuðu fyrir brúðkaupsveislum og fermingum með margra mánaða fyrirvara, sveltu sig í þrjá daga og komu til veislu með tóman magann til þess að nýta hana til fullnustu. Barn eitt úr þorpínu sem var á batavegi af skarlatssótt kafnaði við það að kasta upp hæsnabitum sem troðið hafði verið ofan í það. Á sunnudögum yfir sumarið fóru þau á „þorps hátíðir“ þar sem var dansað og farið í leiki. Einn daginn komst pabbi efst á sleipa staurinn en rann niður áður en hann náði að losa matarkörfuna sem hékk á toppnum.<sup>27</sup> Reiði afa varði í margar klukkustundir. „*Sauðurinn þinn*“<sup>28</sup>.

---

<sup>25</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>26</sup> Neðanmálgrein í Classico Collège útgáfunni segir hér: „Saint Riquier, saint Guillaume du Désert : saints qui, selon la religion catholique, ont accompli des miracles“ (Ernaux, 1992, 21). Þetta eru nöfn dýrlinga sem samkvæmt kaþólskri trú gerðu kraftaverk.

<sup>27</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Mât de cocagne : lors des fêtes populaires, mât glissant au sommet duquel il faut grimper pour décrocher une récompense“ (Ernaux, 1992, 21). Á þorps hátíðum var ákveðinn leikur að klifra upp á topp á sleipum staur þar sem hengu verðlaun, sá sem komst á toppinn vann verðlaunin.

<sup>28</sup> Setningin í upprunalega textanum er: «*Espèce de grand pïot*» (nom du dindon en normand) (Ernaux, 1983, 20).

CNRTL: B. P. *anal., péj.* [En parlant de pers., p. réf. au caractère batailleur, avantageux, lourd et stupide attribué à l'oiseau].

1. [Dans des compar.] *Bête, gourmand comme un dindon; sautiller, se gonfler, se rengorger comme un dindon; son allure balancée de dindon.*

2. Homme stupide. *C'est un vrai, un franc dindon; un grand dindon.*

Í þessu tilviki gekk ekki að beinþýða orðin yfir á íslensku. Á íslensku er orðið „kalkúnn“ ekki tengt við heimsku fólks á sama hátt og gert er í Frakklandi. Það var því reynt að finna aðra samlíkingu, sem myndi tengjast íslensku máli betur. Í fyrstu var reynt að halda fuglasamlíkingunni þar sem það er ákveðin tenging á milli fugls og þess að strákurinn náði ekki körfunni af staurnum í mikilli hæð, þ.e. hann gat ekki flogið rétt eins og kalkúnar geta

Krossmark yfir brauðið, messur, páskadagur;<sup>29</sup> trúin færði þeim virðuleika rétt eins og hreinlætið. Þau klæddu sig í sparifötin, sungu trúarjátninguna með ríku landeigendunum og settu einhverja aura í söfnunarbaukinn. Pabbi var kórdrengur og honum fannst gaman að útdeila náðarmeðulunum með sóknarprestinum. Allir karlmennirnir tóku ofan þegar þeir gengu framhjá þeim.

Börnin voru alltaf með njálg. Til þess að flæma hann burt var lítill vasi saumaður á innanverða skyrtona, nálægt naflanum og hann fylltur af hvítlauk. Á veturna var bómull sett í eyrun. Þegar ég les Proust eða Mauriac<sup>30</sup> trúi ég því ekki að þeir skrifi um þann tíma þegar pabbi var barn. Æska hans líkist frekar miðöldum.

Hann þurfti að ganga tvo kílómetra til þess að komast í skólann. Á hverjum mánudegi skoðaði kennarinn neglurnar og efri hluta prjónabolsins og leitaði að lús í hárinu. Hann var strangur og sló stálreglustiku á fingur nemenda.<sup>31</sup> Hann naut *virðingar*. Sumir nemendur hans voru á meðal þeirra hæstu í sýslunni á grunnskólaprófinu<sup>32</sup>, einn eða tveir fóru í kennaraskólann. Pabbi missti úr skóla í heyskap, þegar tína þurfti epli, binda hálm eða sá eða uppskera hvað sem það nú var. Þegar hann kom tilbaka í skólann með eldri bróður sínum öskraði kennarinn á þá: „Foreldrar ykkar vilja þá að þið séuð vesælir eins og þau!“. Honum tókst að læra að lesa og skrifa rétt. Honum fannst skemmtilegt að læra. (Í þá daga sagði maður einfaldlega að læra, eins og að drekka eða að borða). Honum fannst líka gaman að teikna, bæði höfuð og dýr. Þegar hann var tólf ára var hann kominn í efsta bekk. Afi tók hann úr skólanum til þess að láta hann vinna á sama býli og hann vann á. Það var ekki lengur hægt að fæða hann fyrir að gera ekki neitt. „Maður hugsaði ekki út í það, þetta var svona hjá öllum“.

---

ekki flogið. Það tókst þó ekki, þar sem helstu fuglategundir sem þekkjast á Íslandi sem geta ekki flogið eru hænur og kalkúnar, og þær eru eins og áður segir ekki mikið tengdar við heimsku. Það var því farin önnur leið og fundin dýrategund sem er þekkt á Íslandi og er notuð í talmáli sem og bændamáli yfir aulabárða: sauður. Útskýringin innan svigans, sem skýrir orðið „piot“ er því tekin út, þar sem ekki þarf útskýringu á íslensku þýðingunni.

<sup>29</sup> Tvær setningar settar saman í eina, aðskildar með semikommu. Það er gert til þess að setningin líti betur út á íslensku án þess þó að breyta miklu um hljóm hennar, þar sem semikomma verður til þess að hlé er gert á lestri.

<sup>30</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Marcel Proust (1871-1922) : écrivain français, auteur de la série de romans *À la recherche du temps perdu*; François Mauriac (1885-1970) : écrivain français“ (Blévennec, 2012, 22). Þetta eru nöfn tveggja franskra rithöfundna.

<sup>31</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>32</sup> Neðanmálgrein í Classico Collège: Certificat: certificat d'études, diplôme sanctionnant la fin de la scolarité à l'école primaire (Ernaux, 1992, 22). Prófskírteini við lok skólagöngu í grunnskóla.

Lestrarbókin hans þabba hét *Le Tour de la France par deux enfants*<sup>33</sup>. Í henni voru furðulegar setningar eins og:

*Það þarf að læra að vera ánægður með eigið hlutskipti (bls. 186 í útgáfu 326).*

*Það dýrmætasta í heiminum er miskunnsemi þeirra fátæku (bls.11).*

*Fjölskylda sem binst kærleiksböndum býr yfir mestu auðæfunum (bls. 260)*

*Það ánægjulegasta við ríkidæmi er að það gerir fólki kleift að létta undir eynd annara (bls. 130).*

Æðstu viðmið til handa fátækum börnum eru sem sagt:

*Iðjúsamur maður eyðir ekki tímanum til einskis og í lok dagsins kemur í ljós að hver klukkustund færði honum eitthvað. Hirðuleysinginn hinsvegar slær erfiðisvinnu ætíð á frest; hann sofnar og lætur hugann reika hvar sem hann er, hvort sem það er í rúminu, við matarborðið eða í miðju samtali; dagurinn rennur sitt skeið, hann hefur engu afrekað; mánuðirnir og árin líða, elliárin blasa við og hann er enn á sama stað.*

Þetta er eina bókin sem hann mundi eftir. „Þetta virtist okkar raunveruleiki“.

Hann fór að mjólka kýrnar klukkan fimm á morgnana, hreinsa stallinn, kempa hestunum og mjólka kýrnar aftur<sup>34</sup> á kvöldin. Í staðinn fékk hann húsnæði, fæði, smávegis pening og þvotturinn hans var þveginn<sup>35</sup>. Hann svaf fyrir ofan fjósið á hálmdýnu með engu laki. Skepnurnar dreymdi og þær stöppuðu í gólfið liðlanga nóttina. Hann hugsaði til foreldrahúsanna, en honum hafði nú verið bannaður aðgangur að þeim. Ein af systur hans, sem var vinnukona, birtist stundum við hliðið með fataböggulinn sinn, þögul. Afi bölvaði

---

<sup>33</sup> Heiti bókarinnar myndi útleggjast á íslensku „Ferðalag tveggja barna um Frakkland“

<sup>34</sup> Bæti við orðinu „aftur“. Það er gert til þess að setningin hljómi betur á íslensku og að í henni sé samhengi.

<sup>35</sup> CNRTL: blanchi – I.- B.- [En parlant de linge] Laver, rendre propre. *P. méton. Blanchir qqn.* Laver son linge. Þessi hluti setningarinnar „blanchi“ er lengdur aðeins í þýðingu, þar sem ekki nægir að nota eitt orð. Það sem átt er við með orðinu „blanchi“ er að þvottur sé þveginn, og því er orðinu „þvottur“ bætt inn.

henni, en hún gat ekki útskýrt hvers vegna hún hefði hlaupist á brott frá þeim stað<sup>36</sup> sem hún tilheyrði nú. Sama kvöld keyrði hann hana aftur til húsbændanna með skömm<sup>37</sup>.

Pabbi var glaðlyndur og fjörugur, alltaf tilbúinn að segja sögur og hrekkja fólk. Það var enginn á hans aldri á býlinu. Á sunnudögum var hann meðhjálpari með bróður sínum, sem var kúasmali eins og hann. Hann sótti „þorpshátíðir“, dansaði og hitti skólafélagana aftur. *Við vorum hamingjusöm þrátt fyrir allt. Við urðum að vera það.*

Hann var vinnumaður þar til að hann var kallaður í herinn. Vinnutímarnir voru óteljandi. Bændurnir voru nískir á fæðuna. Einn daginn var gömlum kúasmala skömmtuð kjötsneið á diskinn og hún var á örlíttli hreyfingu: Undir henni var allt iðandi af ormum. Þá var þolmörkunum náð. Sá gamli stóð upp og krafðist þess að ekki yrði komið fram við þá eins og hunda. Hann fékk nýja kjötsneið. Þetta var ekki *Beitiskipið Potemkin*<sup>38</sup>.

Frá morgunmjöltum til kvöldmjalta, októbersúldin, eplakörfurnar sem hvolfst var úr ofan í eplapressuna, hænsnaskíturinn sem skóflað var upp í stóra hauga, hiti og þorsti. En einnig La

---

<sup>36</sup> Hér er notað orðið „place“ í franska textanum, sama orð og titill bókarinnar. Það er þýtt hér sem staður.

<sup>37</sup> Í franska textanum hljómar þessi setning svona: „Le soir même, il la reconduisait chez ses patrons, en lui faisant honte“ (Ernaux, 1983, 32). Í enskri þýðingu er hún svohljóðandi: „In the evening he took her back to her bosses' house, covering her with shame“ (Ernaux, 1992, 28). Það sem enski þýðandinn gerir er að ákveða að eignarfor nafnið „lui“ eigi við dótturina, þ.e. að pabbinn (afi Ernaux) hafi lítillækkað hana með því að fara með hana tilbaka. Eignarfor nafnið gæti hinsvegar einnig náð yfir hann sjálfan. Það er notað í þessu samhengi í stað „complément d'objet indirect“, en orðasambandið „faire honte“ tekur með sér „à quelqu'un“. Þannig væri hægt að endursegja setninguna á þennan hátt: „faire honte à sa fille/à soi-même“. Það er því ekki ljóst út frá franska textanum hvort eigi við í þessu samhengi. Því vel ég að þýða setninguna án þess að bæta inn persónufornafni og á þann veg að tvíræðnin sé enn til staðar: „með skömm“.

<sup>38</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „*Le Cuirasse Potemkine*: film soviétique de 1925 réalisé par Sergueï Eisenstein (1898-1948). Le début du film raconte la révolte de l'équipage d'un navire de guerre à la suite d'un repas où avait été servie de la viande pleine de vers. La mutinerie a été violemment réprimée.“ (Ernaux, 1992, 24). Hér er vitnað í ákveðið atriði í kvikmynd þar sem skipsmenn um borð í Potemkine gera uppreisn vegna þess að þeim var gefið maðkítið kjöt í matinn. Á íslensku hlaut myndin nafnið „Beitiskipið Potemkin“. Í tímaritinu Neista birtist þýdd grein um Eisenstein þar sem m.a. er fjallað um kvikmyndina sem hér um ræðir. Þar segir að Beitiskipið Potemkin hafi orðið „samnefnari alls, sem er heiðarlegt, prógressívt og byltingarsinnað í heiminum“ (Romm, 1965, 11). Þar segir ennfremur að Eisenstein hafi sýnt heiminum hvað bylting er og að reynt hafi verið að skilja hann út frá Íslandi og þeim aðstæðum sem þar voru en það sé í raun fráleitt þar sem Eisenstein var „sonur þjóðar sinnar, sonur byltingarinnar“ (Romm, 1965, 11).

galette des rois<sup>39</sup>, Vermot almanakið, grillaðar kastaníuhnetur, heimagert eplavín<sup>40</sup>, froskarnir sem sprengdir voru í tætlur með rörum og sprengidagur „Saltkjöt og baunir, túkall“<sup>41</sup>. Það væri auðvelt að skrifa eitthvað í þessa átt. Um eilífa hringrás árstíðanna, einfalda gleðina og þögn akranna. Pabbi vann jörð annara og hann sá aldrei þá fegurð sem tilheyrði henni, dýrð Móður Jarðar og aðrar svipaðar mýtur voru honum einnig óskiljanlegar.

Í fyrri heimsstyrjöldinni urðu aðeins eftir á býlinu þeir sem voru ungir eins og pabbi og þeir gömlu. Þeim var sýnd tillitssemi. Hann fylgdist með sókn herfylkinganna á korti sem hékk uppi í eldhúsinu, uppgötvaði dónablöð og fór í bíó í Y... Það lásu allir textann upphátt en margir höfðu ekki tíma til þess að komast til enda. Hann notaði slanguryrði sem hann tók upp eftir bróður sínum þegar hann var í leyfi. Í hverjum mánuði fylgdust konurnar í þorpínu grannt með þvotti þeirra sem áttu menn við víglínuna til þess að ganga úr skugga um að ekkert vantaði.

Stríðið hristi upp í tíðinni. Í þorpínu spilaði fólk jójó og drakk vín á kaffihúsunum í stað eplavíns. Á dansleikjum sýndu stelpurnar vinnumönnunum, sem ætíð báru með sér ákveðna lykt, stöðugt minni athygli.

Með herskyldunni uppgötvaði pabbi heiminn. París, neðanjarðarlestina, borg í Lorraine, einkennisbúning sem gerði alla að jafningjum, féлага sem komu úr öllum áttum og herbúðir sem voru stærri en kastali. Þar fékk hann leyfi til þess að skipta út tönnum sem höfðu skemmst af eplavínsdrykkju fyrir gervitennur. Hann lét oft taka mynd af sér.

Við heimkomuna vildi hann ekki snúa tilbaka að yrkja landið. Þannig hafði hann alltaf talað um jarðrækt.<sup>42</sup> Hin merking þess að yrkja, sú vitsmunalega, var honum einskis verð<sup>43</sup>.

---

<sup>39</sup> *Galette des rois* : (Konungakaka) hefðbundin kaka sem borin er fram í Frakklandi á þrettándanum. Hún er gerð m.a. úr smjördeigi og möndluhveiti og í henni er smáhlutur („mandla“, ekki ólíkt og þekkist á Íslandi með grjónagratinn um jólin). Sá sem fær smáhlutinn verður konungur og fær pappakórónu.

<sup>40</sup> Setningarhlutinn á frönsku er: „le cidre bouché“, sem merkir í raun „átappað eplavín“. Það er heldur óþjálmt og því var hér talað um heimagert eplavín, þar sem það að tappa á eplavíni gefur til kynna að það sé búið til á staðnum.

<sup>41</sup> Hér er talað um «mardi gras» sem er sprengidagur á íslensku. Í upprunalega textanum er hluti úr lagi sem sungið er á þessum degi, sem er þó ekki þekkt á íslensku. Því ákvað þýðandi að yfirfæra þetta á íslenska menningu og tala hér um sprengidag og þar af leiðandi „saltkjöt og baunir, túkall“. Setningarhlutunum hefur verið endurraðað til þess að setningin í heild hljómi betur á íslensku.

<sup>42</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>43</sup> Snara.is frönsk íslensk orðbók: culture = 1. ræktun, rækt; 2. ræktarland; 3. menntun; 4. menning.

Það var auðvitað ekki um annað að velja en verksmiðjuvinnu. Y... tók að iðnvæðast í lok stríðsins. Pabbi hóf störf í kaðlaverksmiðju sem réði stráka og stelpur frá þrettán ára aldri. Þetta var snyrtileg innivinna í skjóli frá illviðrum. Þar voru salerni og búningsherbergi fyrir hvort kyn og fastur vinnutími. Eftir að sírenan ómaði á kvöldin var hann frjáls og hann lyktaði ekki lengur eins og mjólk. Hann var kominn út úr fyrsta hringnum. Í Rouen eða Le Havre var að finna betur launuð störf en þá hefði hann þurft að yfirgefa fjölskylduna, krossþjáða móður sína og takast á við illmennin í borginni. Hann skorti þor eftir átta ár í skepnu- og akurvinnu.

Hann var áreiðanlegur, sem þýddi fyrir verkamann að hann var ekki letingi, drykkjumaður eða svallari. Hann hafði gaman af kvikmyndasýningum og charlestone en stundaði ekki krána. Hann var vel séður af yfirmönnum, var hvorki í verkalýðsfélagi né pólitískur. Hann hafði keypt sér hjól og lagði pening til hliðar í hverri viku.

Mamma hlýtur að hafa kunnað að meta þessa eiginleika þegar hún kynntist honum í kaðlaverksmiðjunni en áður hafði hún unnið í smörlíkisverksmiðju. Hann var hávaxinn, dökkhærður, með blá augu, beinn í baki og fann svolítið „til sín“. „Maðurinn minn hefur aldrei verið eins og verkamaður“.

Hún var búin að missa föður sinn. Amma mín óf heima fyrir og tók að sér að þvo og strauja þvott til þess að ljúka við uppeldi yngstu barnanna af þeim sex sem hún átti. Á sunnudögum fór mamma með systur sínum og keypti kökumylsnu í kramarhúsi hjá bakaranum. Foreldrar mínir<sup>44</sup> gátu ekki verið strax saman, amma vildi ekki að dætur hennar yrðu teknar of snemma frá henni þar sem það þýddi að þrír fjórðu launanna færu í hvert skipti.

---

Þessi hluti er svohljóðandi í franska textanum: „Au retour, il n'a plus voulu retourner dans la culture. Il a toujours appelé ainsi le travail de la terre, l'autre sens de culture, le spirituel, lui était inutile“ (Ernaux, 1983, 34). Þarna býr ákveðin tvíræðni í orðinu „culture“. Annars vegar er það sú merking sem pabbinn leggur í orðið, að rækta landið og hinsvegar er það í samhengi við menningu og menntun. Til þess að reyna að ná þessari tvíræðni fram í íslenskri þýðingu var ákveðið að nota sagnorðið „að yrkja“, en það er bæði hægt að tala um að yrka land sem og að yrkja t.d. ljóð, sem er ákveðinn hluti af menningu. Það verður þó að bæta örlítið við textann á íslensku og tala um að „yrkja landið“ á meðan franski textinn talar einungis um „culture“ eða „yrkingu“. Orðið yrking er svolítið hátíðlegt og hentar ekki samhenginu, þar sem það er pabbinn, varla skólagenginn, sem notar orðið í tengingu við jarðrækt.

<sup>44</sup> Hér fannst þýðanda nauðsynlegt að skilgreina „ils“. Í stað þess að nota „þau“, er hér notað „foreldrar mínir“. Þetta er gert til þess að auðvelda lestur og til þess að gera merkingu setningarinnar skilmerkilegri.



Systur þabba, sem voru þernur hjá efristéttar fjölskyldum, litu niður á mömmu. Verksmiðjustelpur voru sakaðar um að kunna ekki að búa um rúmin sín og að eltast við stráka<sup>45</sup>. Í þorpinu var hún álitin drusla. Hún vildi herma eftir tískunni í blöðunum, var með þeim fyrstu til þess að láta klippa hárið, gekk í stuttum kjólum, farðaði sig um augun og lakkaði neglurnar á fingrunum. Hlátur hennar var skær og skellandi. En í raun og veru hafði hún aldrei leyft að láta káfa á sér inni á salernunum, hún fór til messu á hverjum sunnudegi og hún hafði sjálf húllfaldað rúmfötin sín og bróðerað heimangerðina sína. Hún var lífleg, óskammfeilin verkakona. Ein af uppáhalds setningunum hennar var: „Ég er alveg jafn góð og þau“.

Á brúðkaupsmyndinni sést í hnén á henni. Hún horfir fast í linsuna undan slörinu sem umlykur enni hennar og nær niður fyrir augun. Hún líkist Söru Bernhardt. Pabbi stendur við hliðina á henni, með lítið yfirvaraskegg og „stífaðan kraga“<sup>46</sup>. Hvorugt þeirra brosir.

Hún skammaðist sín alltaf fyrir kynlíf. Þau sýndu hvort öðru ekki blíðuhót eða ástúð. Fyrir framan mig kyssti hann hana fljótfernislega á kinnina eins og fyrir skyldurækni. Hann átti það til að stara á hana og segja ósköp venjulega hluti og hún leit niður og reyndi að halda niðri í sér hlátrinum. Þegar ég stækkaði áttaði ég mig á því að hann væri með óbeinar kynferðislegar tilvísanir. Hann raulaði oft *Parlez-moi d'amour*, hún söng af mikilli innlifun við matarborðið *Voici mon corps pour vous aimer*.

Hann hafði lært grundvallaratriðið til þess að endurtaka ekki eynd foreldra sinna: Að *missa sig ekki í konu*<sup>47</sup>.

Þau leigðu húsnæði í Y..., í húsalengju með sameiginlegum bakgarði við fjölfarna götu. Tvö herbergi á neðri hæðinni og tvö á efri. Að vera með „herbergi á efri hæðinni“ var

---

<sup>45</sup> CNRTL: courir = II. – A. – 1. b) *P. anal.*, dans le *lang. de la galanterie*. [La proie est une pers. gén. du sexe fém., ou ce qui la représente] *Courir les filles, la gueuse, les jupons; courir la prêtantaine*. Hér er notuð framangreind merking orðsins „courir“, að eltast við e-ð eða e-n. Þessi merking virtist eiga hvað best við samhengi setningarinnar, en til þess að gera merkingunni almennileg skil í þýðingunni var þó bætt við orðinu „stráka“.

<sup>46</sup> Á veforðabók *ABC de la langue française* er að finna orðabókina *Bob dictionnaire fam. pop. arg.* Þar er «col à manger de la tarte» þýtt sem «Col (de chemise) amidonné» (Tarte, 2011), eða stífaður kragi. Það er því notast við þá þýðingu hér.

<sup>47</sup> Snara.is : oublier = 2. (afturb; forml) hegða sér ósæmilega. Vous vous oubliez! CNRTL: oublier = II. – A. – 1. Perdre la conscience de soi; se distraire de son attention, de son effort. Bein þýðing á upprunalegu setningunni yrði eitthvað í þessa átt: „Hann hafði lært grundvallaratriðið til þess að endurtaka ekki eynd foreldra sinna: að gleyma sér ekki með konu“. Þetta er því þýtt sem „að missa sig ekki í konu“.

draumur sem varð að veruleika, aðallega fyrir mömmu. Þökk sé sparifé þabba höfðu þau allt sem þurfti; borðstofu og skáp með spegli í svefnherberginu. Það fæddist lítil stúlka og mamma var heima og hugsaði um hana. Henni leiddist. Pabbi fann starf hjá þaksmið sem var betur launað en í kaðlaverksmiðjunni.

Það var hún sem hafði átt hugmyndina, einn daginn þegar komið var með þabba heim raddlausan og í miklu áfalli eftir að hafa fallið af burðargrind sem hann var að gera við. Að opna verslun. Þau byrjuðu aftur að leggja fyrir og borðuðu mikið af brauði og unnum kjötvörum. Á milli allra mögulegra verslana gátu þau einungis valið þá tegund sem krafðist ekki mikils stofnfés eða sérstakrar verkþekkingar, aðeins að kaupa vörur og selja þær aftur. Verslun sem ekki er dýr af því að gróðinn er lítill. Á sunnudegi fóru þau hjólandi að skoða litlu krárnar í hverfinu og matvörumarkaðina í sveitinni. Þau öfluðu sér upplýsinga um hvort nokkur væri samkeppnin í nágrenninu, þau höfðu áhyggjur af því að vera keyrð um koll, að tapa öllu til þess eins að *verða aftur verkafólk*.

Þrjátíu kílómetra frá Havre er L...<sup>48</sup> Á veturna lá þokan yfir bænum heilu dagana, þó aðallega neðsta hluta bæjarins meðfram ánni sem kallaðist Vallée. Það var verkamannahverfi, byggt í kringum textílverksmiðju sem tilheyrði áður Desgenetais fjölskyldunni en var svo keypt af Boussac og var ein sú stærstu í héraðinu allt fram á sjötta áratuginn. Stúlkur hófu störf við vefnaðinn strax eftir að skólagöngu lauk, seinna meir tók vöggustofa á móti börnum þeirra frá klukkan sex á morgnana. Þarna vann einnig þriðjungur karlmanna. Í botni dalsins var eina kaffihúsið og matvöruverslunin í Vallée. Þar var svo lágt til lofts að hægt var að snerta það með uppréttri hönd. Þarna voru dimm herbergi sem þörfnuðust rafmagns um hábjartan dag og pínulítill garður með útisalerni sem tæmdist beint ofan í ána. Þeim stóð ekki á sama um aðbúnaðinn, en þau *urðu að lifa*.

Þau tóku lán til þess að kaupa fyrirtækið.

Fyrst um sinn var þetta gósenland. Heilu hillurnar af matvælum, drykkjum, pastaboxum og kexþökkum. Þau voru undrandi á því að þéna peninga með þessum

---

<sup>48</sup> Setningu skipt í tvennt.

einfaldleika og svo takmörkuðu líkamlegu erfiði;<sup>49</sup> panta, raða, vigta, sjá um bókhaldið, þakka fyrir komuna og bjóða fólk velkomið aftur<sup>50</sup>. Fyrstu dagana stukku þau bæði af stað inn í búðina þegar bjallan hringdi og endurtóku hinar hefðbundnu spurningar: „Var það eitthvað fleira?“. Þau nutu sín og voru kölluð búðarstjóri og búðarstýra.

Efasemdirnar kviknuðu þegar ein konan sagði lágum rómi eftir að hafa sett allar vörurnar í pokann, ég er svolítið auralítill í augnablikinu, mætti ég borga þetta á laugardaginn. Á eftir fylgdi önnur og svo enn önnur. Það var annaðhvort að stunda reikningsviðskipti eða að snúa tilbaka í verksmiðjuna. Reikningsviðskiptin virtust vera skárri kostur.

Til þess að takast á við þetta leyfðu þau sér aldrei neinar vellystingar. Engir fordrykkir eða sælgætisdósir nema á sunnudögum. Þetta leiddi einnig til þess að kalt varð á milli þeirra og systkina þeirra, sem þau höfðu áður gefið gjafir til þess að sýna að þau gætu það. Stöðugur ótti við að *éta upp lánið*.

Á þessum tíma, iðulega á veturna, kom ég lúin og glorsoltin heim úr skólanum. Það voru engin ljós kveikt hjá okkur. Þau voru bæði í eldhúsinu.<sup>51</sup> Hann sat við borðið og horfði út um gluggann, mamma stóð við gaseldavélina. Þrúgandi þögnin féll yfir mig. Stundum sagði<sup>52</sup> hann eða hún: „Við verðum að selja“. Það tók því ekki einu sinni að hefja

---

<sup>49</sup> Greinamerkjum er aðeins breytt í þessari setningu. Í stað þess að hafa einungis kommur er sett in semikomma áður en upptalning hefst á þeim verkefnum sem þau hjón þurfa að inna af hendi. Með þessu móti verður setningin skýrari á íslensku og ekki þarf að brjóta hana niður í tvær setningar.

<sup>50</sup> Ensk þýðing klippir þennan síðasta hluta af setningunni og lætur hann standa út af fyrir sig í tveimur setningu, ásamt því að setja hann innan gæsalappa: „Thank you. Good Afternoon.“. Með því að setja þetta innan gæsalappa er enski þýðandinn að flokka þessi orð með þeim sem Annie Ernaux setur innan gæsalappa eða skáletrar og eru þar um að ræða setningar eða orð sem hún heyrði í æsku. Þau eiga að gefa ákveðna mynd af lífinu á þessum tíma. Á meðan ég skil hvers vegna enski þýðandinn setur þennan hluta innan gæsalappa, þá vel ég að gera það ekki, þar sem upprunalegi textinn er án þeirra. Ég held honum einnig innan setningarinnar og læt hann koma í framhaldi af upptalningunni. Til þess að þetta hljómi betur á íslensku hef ég setningarhlutann svolítið lengri en þann franska, þar sem einungis eru þrjú orð „merci au plaisir“ (Ernaux, 1983, 40). Einnig er bætt við samtenginunni „og“ og setningarhlutanum þannig skipt í tvennt. „merci“ verður þannig „þakka fyrir komuna“ og „au plaisir“ (sem má túlka sem styttingu á „au plaisir de vous revoir“) verður „bjóða fólk velkomið aftur“. Ég tel að með þessu komist merking textans til skila auk þess sem hann hljómar vel á íslensku.

<sup>51</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>52</sup> Viðbót, „sagði“.

heimalærdóminn. Viðskiptavinirnir sóttu eitthvert *annað*, í Coop, í Familistère<sup>53</sup>, hvert sem er. Hver saklaus viðskiptavinur sem opnaði dyrnar á þessari stundu var hafður að háði. Það var tekið á móti honum eins og hundi og hann látinn borga fyrir alla þá sem komu ekki. Samfélagið gaf okkur upp á bátinn.

Kaffihúsið og matvöruverslunin í Vallée skilaði ekki inn meira en launum eins verkamanns. Pabbi varð að ráða sig í vinnu á byggingarsvæði í Basse-Seine. Hann vann í vatni og var því í stórum stígvélum. Það var ekki skylda að kunna að synda. Mamma hélt ein utan um reksturinn yfir daginn.

Hann var kaupmaður til hálfis og verkamaður til hálfis, hvort tveggja í einu og var því dæmdur til einmanaleika og tortryggni. Hann tilheyrði ekki verkalýðsfélagi. Hann óttaðist meðlimi hægrisinnaða Croix-de-Feu<sup>54</sup> bandalagsins sem marséruðu um L... og kommúnistana sem ásældust fyrirtækið hans. Hann hélt skoðunum sínum út af fyrir sig. *Annað væri óviðeigandi í kaupmennsku.*

Þau komu smám saman undir sig fótunum og náðu rétt svo að hanga fyrir ofan fátæktarmörkin. Reikningsviðskiptin tryggðu þeim barnmörgu verkamannafjölskyldurnar, þær allra blönkustu. Það var nauð annarra sem hélt þeim uppi og þau gerðu sér grein fyrir því og neituðu sjaldan að „skrifa á reikninginn“. Þeim fannst þau þó *hafa rétt til þess að lesa yfir hausamótunum* á þeim fyrirhyggjulausu eða að skamma barnið sem móðirin sendi vísitandi í sinn stað í vikulok, auralaust: „Segðu mömmu þinni að hún verði að borga, annars afgreiði ég hana ekki aftur“. Þau voru ekki lengur í hópi þeirra lægst settu.

Hún var hin fullkomna búðarstýra, í hvítum slopp. Hann var í vinnugallanum á meðan hann afgreiddi. Hún sagði ekki eins og aðrar konur: „Maðurinn minn ávitar mig ef ég kaup þetta, ef ég fer þangað“. Hún *barðist* stöðugt fyrir því að hann færi aftur í messu, hann hafði hætt því þegar hann fór í herinn, eða að hann léti af *ósiðum* (það er að segja sem tilheyra sveitadurgi eða verkamanni). Hann lét henni eftir að sjá um innkaup og að halda utan um bókhaldið. Hún var kona sem gat farið hvert sem var, með öðrum orðum hún gat yfirstigið samfélagslegar hindranir. Hann dáði hana en gerði samt grín að henni þegar hún sagði: „Ég leysti vind“.

---

<sup>53</sup> Coop og Familistière eru stórmarkaðir í Frakklandi.

<sup>54</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Croix-de-Feu : ligue d'anciens combattants d'extrême-droite“ (Blévenec, 2012, 39). Hér er bætt við inn í textann til þess að það komi skýrar í ljós hvað átt er við með Croix-de-Feu, og er það unnið upp úr þeim upplýsingum sem gefnar eru í neðanmálgreininni sem vitnað er til hér að ofan, öfga-hægri sinnar.

Hann hóf störf í olíuhreinsunarstöð Standard við ósa Signu. Hann vann næturvaktir<sup>55</sup>. Hann náði ekki að sofa á daginn vegna viðskiptavinanna. Hann þrútnaði allur og olíulyktin var föst við hann, hún var innra með honum og nærði hann. Hann var hættur að borða. Hann þénaði mikið og þarna voru framtíðarhorfur. Verkamönnunum var lofað glæsilegum bústöðum með bæði baðherbergi og salerni innandyra og garði.

Haustpokan hékk yfir Vallée heilu dagana. Í miklum rigningum flæddi áin inn í húsið. Til þess að losna við vatnarotturnar keypti hann stutthærða hundtík sem braut hrygginn á rottunum í einu kjaftshöggi.

*„Peir voru til sem höfðu það verr en við“*

Árið 1936<sup>56</sup> var í minningunni eins og draumur, hann hafði ekki grunað það sem ný stjórn málaöfl höfðu áorkað og var fullviss um að þau gætu ekki viðhaldið því, að þau myndu gefast upp.

Kaffihúsið og matvöruverslunin lokuðu aldrei. Á frídögum fór hann yfir í afgreiðslustörfin. Ættingjarnir skutu alltaf upp kollinum og þá var dekrað við þá í mat og drykk. Þau voru hamingjusöm að geta sýnt máginum, sem var annaðhvort koparsmiður eða starfsmaður járnbrautarlestanna, þetta gnægtarlíf. Þau voru kölluð auðkýfingar án þeirrar vitundar sem var hin mesta móðgun.

Hann drakk ekki. Hann vildi *viðhalda stöðu<sup>57</sup> sinni*. Að líta meira út fyrir að vera kaupmaður en verkamaður. Hann var gerður að verkstjóra í hreinsunarstöðinni.

Ég skrifa hægt. Mér finnst ég smám saman tapa því sem var einstakt við pabba þegar ég reyni af öllum mætti að draga fram merkingarbært lífshlaup hans með samsafni af staðreyndum og valkostum. Drögin verða ráðandi og hugmyndin tekur á sig sína eigin mynd. Ef ég hins vegar leyfi endurminningunum að skjóta upp kollinum sé ég hann fyrir mér eins og hann var; hláturinn og göngulagið þegar hann heldur í höndina á mér á leiðinni í farandtívolíið

---

<sup>55</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „quarts : surveillance de nuit“ (Blévennec, 2012, 40). Hér er átt við vakavinnu og samkvæmt neðanmálgreininni hér fyrir framan er það næturvaktir.

<sup>56</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „1936, année du Front Populaire“ (Blévennec, 2012, 40). Í neðanmálgrein kemur fram að árið 1936 hafi verið ár Front Populaire flokksins, þ.e.a.s. árið sem flokkurinn tók við stjórninni.

<sup>57</sup> Hér er notað orðið „place“, sem tengist beint titli bókarinnar. Þýtt sem „staða“.

og skelfilegar hringekjurnar og þá verða öll merki um samfélagslega stöðu<sup>58</sup> smávægileg. Í hvert skipti sem þetta gerist verð ég að rífa mig frá þessum persónulegu gildrum.

Auðvitað færir það mér enga gleði að skrifa verk þar sem ég held mig sem næst orðum og setningum sem ég hef heyrt og sem ég skáletra stundum. Ekki til þess að benda lesandanum á tvöfalda merkingu og gleðja hann með því að veita honum hlutdeild í einhverskonar samráði, sem ég hafna í öllum sínum myndum, hvort sem það er eftirsjá, meðaumkun eða háð. Ég fer þessa leið einfaldlega af því að þessi ákveðnu orð og setningar lýsa takmörkunum og tíðaranda heimsins sem pabbi lifði í, heimsins sem ég lifði einnig í. Og það var ekki hægt að skipta út einu orði fyrir annað.

Litla stúlkan kom heim úr skólanum einn daginn með hálsbólgu. Hitinn lækkaði ekki, þetta var barnaveikin. Eins og önnur börn í Vallée var hún ekki bólusett. Pabbi var í hreinsunarstöðinni þegar hún lést. Þegar hann kom tilbaka heyrðust öskrin í honum frá hinum enda götunnar. Hann var dofinn í margar vikur, síðan komu þunglyndisköstin og hann horfði út um gluggann frá sætinu<sup>59</sup> sínu við eldhúsbordið án þess að segja orð. Hann *bugaðist* við minnsta tilefni. Um leið og mamma þurrkaði augun með klút sem hún tók úr sloppnum sínum sagði hún: „Hún dó aðeins sjö ára gömul, eins og lítill dýrlingur“.

Ljósmynd sem tekin var í garðinum á bökkum árinna. Hvít skyrtu með uppbrettum ermum, buxur sem líklegast voru úr flanneli, luralegar axlir og handleggirnir svolítið hringlaga. Hann er súr á svipinn, eins og honum hafi verið komið á óvart með flassinu, kannski áður en hann var búinn að stilla sér upp. Hann er fjörutíu ára. Það er ekkert á myndinni sem gefur til kynna yfirgengnar hörmungar eða vonarneista. Þar er einungis að sjá skýr merki um aldurinn, svarta hárið er farið að þynnast í vöngum og komin smá bumba.<sup>60</sup> Látlausari merkin bera með sér stéttarstöðuna, handleggirnir hanga lausir frá líkamanum og venjulegur smáborgari hefði ekki valið salernið og þvottahúsið í bakgrunn.

---

<sup>58</sup> Neðanmálsgrein Classico Collège: „Condition : situation sociale“ (Blévennec, 2012, 41). Orðið „condition“ stendur hér fyrir „situation sociale“, eða samfélagslegri stöðu.

<sup>59</sup> Hér er orðið „place“ í franska textanum. Í þessu samhengi er það þýtt sem „sæti“.

<sup>60</sup> Setningu skipt í tvennt.

Árið 1939 var hann ekki kallaður til, hann var orðinn of gamall. Þjóðverjarnir kveiktu í hreinsunarstöðinni og hann fór hjólandi af stað eftir vegunum en hún fékk far með bíl, þá komin sex mánuði á leið. Í Pont-Audemer fékk hann sprengjuflísar í andlitið og leitaði lækninga í eina apótekinu sem var opið. Sprengingarnar héldu áfram. Á tröppum basilíkunnar í Lisieux, sem voru troðfullar af flóttamönnum sem og torgið þar fyrir framan, hitti hann tengdamóður sína og mágkonur aftur, ásamt börnum þeirra og böggjum. Þau töldu sig vera örugg. Þegar Þjóðverjarnir náðu þangað snéri hann aftur til L... Þeir sem ekki höfðu getað forðað sér höfðu farið ránsendi um matvöruverslunina og tæmt allar hillur. Að lokum kom mamma tilbaka og ég fæddist mánuði seinna. Þegar við skildum ekki eitthvað í skólanum vorum við kölluð stríðsbörn.

Allt fram til miðs sjötta áratugarins eru<sup>61</sup> afrek þessa tíma endursögð í fermingarveislum og á jólahátíðum ásamt endalausum upprifjunum um hræðsluna, hungursneyðina og kuldann veturinn 1942. *Þrátt fyrir allt varð fólk að halda áfram að lifa*. Í hverri viku sótti pabbi vörurnar, sem heildsalarnir keyrðu ekki lengur út, í vöruheimslylu sem var þrjátíu kílómetra frá L... og kom með þær tilbaka í kerru sem fest var aftan í hjólið. Í linnulausum sprengingum ársins 1944 sem dundu á þessu svæði í Normandí hélt hann áfram að fara og versla og þrabað um viðbótarvörur fyrir hina öldruðu, stórfjölskyldur og alla þá sem ekki gátu verslað á svarta markaðinum. Í Vallée var litið á hann sem verslunarhetju. Það var ekki val, heldur nauðsyn. Seinna meir var hann fullviss um að hafa gert gagn og að hafa virkilega lifað til fulls á þessum tímum.

Á sunnudögum lokuðu þau versluninni og fóru í gönguferðir í skóginum og höfðu með sér eggjalausan búðing í nesti. Hann gekk með mig á háhesti og söng og blístraði. Þegar almannavarnarbjöllurnar hringdu smeygðum við okkur undir biljarðborðið ásamt tíkinni. Þegar hann hugsaði tilbaka til þessa tíma fékk hann á tilfinninguna að þetta hefðu „verið örlögin“. Við lok hernáms Þjóðverja<sup>62</sup> kenndi hann mér að syngja *La Marseillaise*<sup>63</sup> og bætti

---

<sup>61</sup> Í franska textanum er hér notuð framtíð sagnarinnar „être“: „sera récitée“ (Ernaux, 1983, 48). Í þýðingunni er sett nútíð í stað frönsku framtíðarinnar.

<sup>62</sup> Hér er talað um „Libération“ og er þar átt við lok hernáms Þjóðverja í síðari heimsstyrjöldinni. Á íslensku er einfaldlega talað um lok hernáms í þessu samhengi og því verður það notað hér. Bætt verður við „Þjóðverja“ til þess að reyna að ná tengingunni sem orðið „Libération“.

<sup>63</sup> Þjóðsöngur Frakklands.

við í lokin „tas de cochons“ til þess að ríma við „sillon“<sup>64</sup>. Hann var mjög glaður, rétt eins og allir í nágrenninu. Þegar það heyrðist í flugvél leiddi hann mig út á götu og sagði mér að horfa á fuglinn uppi á himninum: Stríðinu var lokið.

Fullur af þeirri almennu bjartsýni sem ríkti árið 1945, ákvað hann að fara frá Vallée. Ég var oft veik og læknirinn vildi senda mig á heilsuhæli<sup>65</sup>. Þau seldu fyrirtækið til þess að snúa aftur til Y...<sup>66</sup> Þar var vindasamara og í þeirra augum virtist allur skortur á lækjum og ám góður fyrir heilsuna. Við sátum í framsætum flutningabílsins og komum til Y... þegar októberhátiðin stóð sem hæst. Bærinn hafði verið brenndur af Þjóðverjunum, skúrarnir og hringekjurnar stóðu upp úr rústunum. Í þrjá mánuði bjuggu þau í tveggja herbergja íbúð með engu rafmagni og moldargólfi sem þeim hafði verið lánuð af ættingja. Það var engin verslun til sölu sem samrýmdist fjárhagslegu bolmagni þeirra. Hann réði sig í vinnu hjá bænum við það að fylla upp í sprengjuholur. Á kvöldin sagði hún þar sem hún stóð og hélt sér í viskustykkjasklána sem hringaði sig um gamlar eldavélar: „Þvílíkt ástand“<sup>67</sup>. Hann ansaði aldrei. Í eftirmiðdaginn fór hún með mig í gönguferðir út um allan bæ. Aðeins miðbærinn hafði verið eyðilagður og verslanir höfðu opnað í heimahúsum. Dæmi um þann skort sem við lifðum við: Í litlum glugga, þeim eina upplýsta í dimmri götunni, er vöruústilling þar sem glampar á bleikt eggлага sælgæti stráð flórsykri og pakkað í sellófónspoka. Það var ekki handa okkur, maður varð að vera með skömmtunarseðil<sup>68</sup>.

---

<sup>64</sup> Hér eru orð úr franska þjóðsöngnum en hann hefur ekki verið þýddur á íslensku. „Abreuve nos sillons“ merkir „rigni yfir akra okkar“ og á við um blóð óvinarins. „Tas de cochons“ mætti þýða sem „drullusokkarnir ykkar“, en það er kannski heldur vægt. Þetta er blótsyrði sem pabbinn bætir við til þess að leggja áherslu á andúð sína á óvininum, Þjóðverjum.

<sup>65</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Aérium : maison de repos dans un lieu où l'air est sain“ (Blévenec, 2012, 44). Útskýring á orðinu „aérium“ er hvíldarhús á stað þar sem loftið er ferskt og gott. Það er hægt að nota bæði orðið „hressingarhæli“ og „heilsuhæli“ yfir slíkt hús, hér er það síðarnefnda notað í þýðingunni.

<sup>66</sup> Setningu skipt í tvennt..

<sup>67</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Quelle position : quelle situation“ (Blévenec, 2012, 44). Í franska textanum er hér orðið „position“, sem þýðist á íslensku sem t.d. staða. Í neðanmálgrein er þó tekið fram að átt sé við „situation“ eða ástand/aðstæður. Það er því notast við þessa útskýringu og orðið þýtt sem „ástand“.

<sup>68</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Tickets : allusion aux tickets de rationnement, distribué de 1941-1949 afin de réglementer l'accès aux produits de première nécessité, en raison de la pénurie alimentaire“ (Blévenec, 2012, 44). CNRTL: ticket = [En période de restriction, notamment pendant une guerre] *Ticket (d'alimentation, de rationnement)*. Ticket permettant d'obtenir, en quantité restreinte, et moyennant finances, un certain nombre de denrées rare.



Þau fundu fyrirtæki sem var staðsett miðsvæðis, mitt á milli lestarstöðvarinnar og dvalarheimilisins.<sup>69</sup> Þetta var kaffihús og matvöruverslun, ásamt því að selja kol og eldivið. Það var þangað sem mamma var send í innkaupaferðir þegar hún var lítil stúlka. Þetta var bóndabær sem hafði verið breytt með viðbyggingu úr rauðum múrsteinum<sup>70</sup>. Hann var með stóru bæjarhlaði, bakgarði og sex útiskúrum sem notaðir voru sem geymslur. Á jarðhæðinni var verslunin tengd við kaffihúsið með pínulitlu herbergi þaðan sem stiginn lá upp í svefnherbergin og á háaloftið. Þrátt fyrir að það hafði orðið að eldhúsi notuðu viðskiptavinirnir það ævinlega til þess að komast á milli matvöruverslunarinnar og kaffihússins. Á stigaprepunum og við svefnherbergin voru geymdar vörur sem ekki þoldu raka; kaffi og sykur. Á jarðhæðinni var enginn staður þar sem hægt var að vera í næði. Salernið var úti á bæjarhlaði. Við bjuggum loksins *undir berum himni*.

Líf þabba sem verkamaður endar hér.

Það voru nokkur kaffihús í nágrenninu, en engin önnur matvöruverslun í stórum radíus. Miðbærinn var í rústum í langan tíma og fínu verslanirnar frá því fyrir stríð hreiðruðu um sig í gulum kofaþyrpingum. Þar gat enginn *gert þeim mein*. (Þetta orðatiltæki, eins og mörg önnur, er óaðskiljanlegur hluti af æsku minni og ég þarf virkilega að reyna á mig til þess að svipta það þeirri ógn sem það bjó yfir í þá daga). Hverfið samanstóð ekki af jafn einsleitum hóp íbúa og L..., þar sem verkamenn skipuðu stærstan hluta, heldur voru þarna handverksmenn, starfsfólk gasiðnaðar og miðlungsstórra verksmiðja og „lágtekjufólk“ sem komið var á eftirlaun. Það ríkti meiri fjarlægð á milli fólks hér. Lítil einbýlishús úr kalksteinum, aðskilin með grindverki lágu meðfram fjölbýlishúsum með fimm eða sex leiguíbúðum öllum á jarðhæð og sameiginlegum garði. Allsstaðar voru grænmetisgarðar.

---

Snara.is íslensk orðabók: skömmtunarseðill = ávísunum á að fá afhentan skammt af skammtaðri vöru.

Útskýrt er í neðanmálsgrein Classico Collège að hér sé vísað til seðla sem notaðir voru um miðja 20. öldina, bæði á stríðsárum og eftir stríð til þess að skammta nauðsynjavörur vegna skorts á slíkum vörum. Samkvæmt íslenskri orðabók á Snöru.is nær orðið „skömmtunarseðill“ vel yfir þetta og er það því notað hér.

<sup>69</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>70</sup> Setningu skipt í tvennt.

Kaffihúsið átti sína fastegesti, reglubundna drykkjumenn sem komu fyrir eða eftir vinnu og sætið<sup>71</sup> þeirra var heilagt.<sup>72</sup> Viðskiptavinirnir samanstóðu af hópum af vinnumönnum, nokkrum viðskiptavinum sem hefðu *stöðu* sinnar vegna getað valið óalþýðlegri stað, fyrrum liðsforingja úr sjóhernum nú á eftirlaunum og eftirlitsmanni almennatrygginga, þetta var semsagt *auðmjúkt* fólk. Viðskiptavinirnir á sunnudögum voru öðruvísi, þá komu heilu fjölskyldurnar um ellefuleytið í fordrykk, safi fyrir börnin. Eftir hádegi var það svo gamla fólkið af dvalarheimilinu sem fékk útgönguleyfi þar til klukkan sex, hresst og kátt, hávært og upphóf söng á þekktum ástarlögum<sup>73</sup>. Það þurfti stundum, ef sumir höfðu fengið sér aðeins of mikið í staupinu, að láta þá sofa úr sér<sup>74</sup> á teppi úti í skúr í garðinum áður en þeir voru sendir sómasamlega tilbaka til nunnanna. Að fara á kaffihúsið á sunnudögum kom í stað fjölskyldu hjá þeim. Pabbi var meðvitaður um þann mikilvæga samfélagslega tilgang sem hann þjónaði, að bjóða upp vettvang fyrir gleðskap og frelsi fyrir alla þá sem, eins og hann orðaði það „hafa ekki alltaf verið svona“ án þess þó að geta útskýrt hvers vegna þau hefðu orðið svona. Þetta var þó auðvitað bara „drykkjukrá“<sup>75</sup> fyrir þá sem aldrei höfðu stigið þar inn fæti. Stúlkur úr nærfataverskmiðju í nágrenninu komu í lok vinnudags og skáluðu fyrir afmælum, brúðkaupum og starfslokum. Þær keyptu pakka af

---

<sup>71</sup> Hér er orðið „place“ í franska textanum. Þýtt sem „sæti“ í þessu samhengi.

<sup>72</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>73</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Poussant la romance : entonnant des chanson d’amour“ (Blévenec, 2012, 46). Orðasambandið á við um það þegar fólk hefur upp söng á ástarlögum, samkvæmt þessari neðanmálgrein, og er þýðingin því í samræmi við það.

<sup>74</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Cuver rincettes et surincettes : dormir après s’être saoulé (familier)“ (Blévenec, 2012, 46).

Snara.is frönsk-íslensk orðabók: cuver = cuver son vin: láta renna af sér; sofa úr sér  
CNRTL: rincette = populaire, A. – Petite dose d’eau-de-vie que l’on verse dans la tasse à café qu’on vient de vider; seconde dose suivant le pousse-café. B. – Quantité de vin versée dans le verre sous prétexte de le rincer.

Þetta er ákveðið orðatiltæki sem gefur til kynna að einstaklingurinn hafi fengið sér meira vín, afsakað það með því að hann væri að hreinsa glasið, og það hafi verið of mikið fyrir hann svo hann þurfti að sofa úr sér. Mér datt ekkert orðatiltæki í hug sem gefur í skyn hvoru tveggja og skipti ég þessu því niður og notaði tvö almenn orðatiltæki; „að sofa úr sér“ og „fá sér of mikið í staupinu“. Með því síðara næst smá tenging við það franska, þar sem talað er um hreinsa glasið (staupið) með víni (fá sér þ.a.l. of mikið).

<sup>75</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Assommoir: débit de boisson où l’on consomme beaucoup d’alcool“ (Blévenec, 2012, 46).

Snara.is frönsk-íslensk orðabók: débit de boissons = krá, bar.

Hér er notast við neðanmálgrein Classico Collège útgáfunnar, þar sem orðið „assommoir“ er útskýrt sem „débit de boisson“ (á íslensku krá eða bar) þar sem drukkið er mikið magn áfengis. Út frá þessu er „assommoir“ því þýtt sem „drykkjukrá“.

fingurkökum í matvöruversluninni sem þær dýfðu í freyðivínið, ráku upp skellihlátur og voru alveg í keng við borðið.

Ég feta þröngan stíg í skrifunum, á milli þess að upphefja lífshætti sem álitnir eru annars flokks og að koma upp um þá undirokun sem fylgir þeim. Þetta voru okkar lífshættir, ef til vill hamingja, en einnig niðurlægjandi hömlur sem fylgdu stöðu okkar (við vorum meðvituð um að „það væri ekki nægjanlega fínt hjá okkur“).<sup>76</sup> Ég myndi vilja halda því fram að það hafi verið bæði hamingja og hömlur. Ég virðist þó öllu heldur vega salt á milli þessara tveggja mótsagna.

Í kringum fimmtudagsaldurinn, enn á besta aldri, með teinrétt höfuðið, í jakkafötum, dökkum buxum, ljósu vesti yfir skyrtu og bindi og alvarlegur á að líta, líkt og hann hafi áhyggjur af því að myndatakan mistakist. Myndin var tekin á sunnudegi, á virkum dögum var hann í vinnugalla. Myndir voru hvort sem er yfirleitt teknar á sunnudögum og fólk var betur til haft. Ég er við hliðina á honum í pífukjól með hendur á stýrinu á fyrsta hjólinu mínu og annan fótinn á jörðinni. Hann er með aðra höndina hangandi niður með síðunni, hina á beltinu. Í bakgrunni er opin hurð kaffihússins, blóm á gluggasýllunni og þar fyrir ofan plagg með vínveitingaleyfinu. Maður lætur taka mynd af sér með þeim eignum sem maður er stoltur af; fyrirtækinu, hjólinu, og seinna meir með Renault 4 CV<sup>77</sup>. Á þeirri mynd hvílir hann aðra

---

<sup>76</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>77</sup> Snara.is frönsk-íslensk orðabók: CV = skst cheval (fiscal), skattahestafl. - (une) 2 CV: Citroënbraggi.

Ensk þýðing notar hér „Citroën 4CV“ (Ernaux, 1992, 46), en ég held ég að verið sé að tala um bíl af gerðinni Renault 4CV. Sá bíll var framleiddur frá 1947-1961 og stendur CV fyrir skattahestöfl.þ.e.a.s. hann var fjögur skattahestöfl (Vance, 2008). Þessi tímarammi passar við söguna, en hér erum við stödd á árunum rétt eftir seinni heimsstyrjöldina. Þar sem hér er notað hálfgerð gæluyrði eða stytting á nafninu yfir bílinn var athugað hvort slíkt heiti væri til á íslensku yfir sama bíl, líkt og 2 CV gekk undir nafninu Citroënbraggi (það má leiða að því líkum að enski þýðandinn sé að rugla þessum tveimur bílategundum saman, 2CV og 4CV). Það vildi svo heppilega til að afabróðir minn átti Renault 4CV til margra ára og muna margir fjölskyldumeðlimir eftir honum. Samkvæmt þeim var bíllinn þó aldrei kallaður annað en „Runóinn“ (Renault-inn), og 4CV kom nafninu ekkert við. Ómar Ragnarsson fjallar um bílategundina á bloggi sínu frá 12. janúar 2012 og segir þar frá þeim misskilningi að Citroën 2CV, Citoriënbragginn, hafi verið vinsælasti bíll Frakklands, það hafi í raun verið Renault 4, sem var framleiddur í kjölfar Renault 4CV. Hann bendir ennfremur á það að Renault 4CV hafi verið framleiddur tveimur árum á undan Citroën 2CV (Ómar Ragnarsson, 2012).

höndina á þaki bifreiðarinnar með þeim afleiðingum að jakkinn lyftist óþarflega mikið upp. Hann brosir ekki á neinni mynd.

Í samanburði við æskuárin, þrisvar sinnum átta vaktakerfið í olíuhreinsunarstöðinni og rotturnar í Vallée var þetta augljóslega hamingjuríkt líf.

Við höfðum *allt sem þurfti*, það er að segja við borðuðum okkur södd (sönnun á því, við keyptum kjöt í kjötbúðinni fjórum sinnum í viku) og einu herbergin þar sem við höfðumst við, eldhúsið og kaffihúsið, voru vel upphituð. Það voru tvenn sett af fötum, eitt hversdags, hitt spari (þegar því fyrra hafði verið slitið út notuðum við sparissettið sem hversdags). Ég átti *tvær* skólaskyrtur. *Krakkinn fær allt*. Í heimavistar skólanum var ekki hægt segja að ég hefði það *verr en hinir*, ég átti *jafn mikið* og dætur bændanna eða apótekaranna af dúkkum, strokleðrum, yddurum, fóðruðum vetrarskóm og einnig talnaband og rómversk kaþólska messuhandbók<sup>78</sup>.

Þau höfðu tök á því að dubba upp heimilið og fjarlægja allt það sem minnti á gamla tíma; alla sýnilega bjálkabita, eldstæðið, viðarborðin og hálmstólana. Blómamynstrað veggfóður, glansandi og nýmálað barborð og borðplötur úr gervimarmara gerðu kaffihúsið

---

Misskilningur enska þýðandans gæti einnig legið í þessu. En það sem vekur meiri athygli er það að aldrei er talað um bílategundina öðruvísi en með Renault 4CV. Þar að auki var send fyrirspurn í tölvupósti á Ómar Ragnarsson og kom út úr því að það komu fáir bílar af þessari tegund til Íslands og því hafi ekki orðið til neitt gælunafn yfir þá. Í þýðingunni verður því notast við „Renault 4 CV“. Það sem rennir enn fremur stoðum undir að hér sé átt við Renault 4CV er að í grein sem birtist í Morgunblaðinu þann 28. júní 1998 segir: „framleiðsla hófst á hinum sögufræga 4CV sem var bíll almúgamannsins“ (Stiklað á stóru, 1998). Það gæti því varla átt betur við, en að þabbinn eignist þarna bíl almúgamannsins. Hér er einnig setningu skipt í tvennt.

<sup>78</sup> Neðanmálgrein ClassicoCollège: „Missel vespéral romain : livre de prière catholique“ (Blévennec, 2012, 47).

CNRTL: vespéral = II. - *LITURG. CATH.* Livre contenant les prières des heures du soir (vêpres et complies). En appos. *Missel vespéral*. „Missel qui, outre les textes de la messe, contient tout ce qu'il faut pour permettre de participer aux Offices du soir, Vêpres et Complies“ (Foi t. 1 1968)

Snara.is frönsk-íslensk orðabók: missel = (kaþólsk) messuhandbók.

Snara.is frönsk-íslensk orðabók: vespéral = (forml) kvöld-, aftan-. Des leurs vespérales.

Eins og segir í neðanmálgrein ClassicoCollège útgáfunnar, er hér átt við kaþólska bænabók. Það er þó ákveðin tilvísun í aftansöngva með orðinu „vespéral“. Það gengur þó ekki upp að tala um „rómversk kaþólska aftansöngva bænabók/messubók“. Það verður því einungis notað „rómversk kaþólska messuhandbók“.

bjart og smekklegt. Gul- og brúnköflótt gólfklæðning<sup>79</sup> var lögð yfir parketið í svefnherbergjunum. Það eina sem fór lengi í taugarnar á þeim var framhlið hússins sem var úr bindingsverki<sup>80</sup> og með hvítum og svörtum röndum, en þau höfðu ekki efni á að endurnýja múrhúðunina. Ein af kennslukonunum mínum sagði eitt sinn þegar hún gekk hjá að þetta væri fallegt hús, ekta Normandí hús. Pabbi hélt að hún hefði sagt þetta af kurteisi. Þeir sem dáðust að gömlu hlutunum okkar, vatnspumpunni í garðinum og Normandí bindingsverkinu, vildu áreiðanlega bara koma í veg fyrir að við eignuðust þá nútímalegu hluti sem þau áttu nú þegar, rennandi vatn í eldhúsvaskinum og hvítmálað hús.

Hann tók lán til þess að verða eigandi bygginganna og landsvæðisins. Það hafði enginn í fjölskyldunni verið áður.

Á bak við hamingjuna bjó gremjan yfir því að þurfa að erfiða svona fyrir lífsviðurværinu. *Ég er ekki með fjóra handleggji. Það er ekki einu sinni tími til þess að fara á klósettið. Ég geng flensuna úr mér.* Og svo framvegis. Röfl hversdagsins.

Hvernig á að lýsa heimi þar sem allt er *kostnaðarsamt*. Einn októbermorgun er ilmur af hreinum þvotti í loftinu og nýjasta lagið úr útvarpinu ómar í höfðinu á mér. Allt í einu festist kjólvasinn í stýrinu á hjólinu og rifnar. Þvílíkur harmleikur, skerandi ópin, dagurinn er ónýtur. „Þessi krakki er *einskis verður*“.

Það var nauðsynlegt að upphefja hlutina. Og þau heyrðu öfundsyki og samanburð í orðum allra, meira að segja mínum. Þegar ég sagði: „Það er ein stelpa sem heimsótti kastalana

---

<sup>79</sup> Neðanmálgrein ClassicoCollège: „Balatum : revêtement de sol“ (Blévennec, 2012, 48). Með orðinu „balatum“ er átt við gólfklæðningu, samkvæmt neðanmálgreininni sem vitnað er til hér að framan.

<sup>80</sup> Neðanmálgrein ClassicoCollège: „Colombage : mode de construction utilisé durant le Moyen Âge et à la Renaissance, et qui laisse apparaître les poutres sur la façade“ (Blévennec, 2012, 48).

Snara.is frönsk-íslensk orðabók: colombage = (oft í ft) bindingsverk, múrgrind. Maison normande à colombages.

Snara.is íslensk orðabók: bindingsverk = húsbyggingarlag þar sem fyllt er t.d. með múrverki upp í trégrind í veggjum og göflum.

Snara.is íslensk alfræðiorðabók: bindingsverk = *byggj.* byggingarlag í timburhúsagerð; samanstendur af trégrind, þ.e. tréstoðum og bitum, sem fyllt er upp í með múrverki og á Ísl. stundum með hraungrýti, torfi eða spæni. Oft eru húsin klædd hlífðarkápu úr timbri, bárujárnri (á Ísl.) o.fl. en stundum er grindin þó óvarin að utan. *b* hefur þróast allt frá fornöld en fékk á sig endanlega mynd í N-Evr. upp úr 1400 og varð algengt á Ísl. á s.hl. 18. aldar.

í Loire“ var þeim var misboðið og svöruðu jafnóðum: „Þú hefur nægan tíma til þess að fara þangað. Vertu ánægð með það sem þú hefur“. Stöðugur og botnlaus skortur.

Að langa í eitthvað af engri sérstakri ástæðu, af því að raun og veru veistu ekki hvað er fallett eða hvað þér á að líka við. Pabbi fylgdi alltaf ráðum málarans eða smiðsins varðandi liti og form, *það sama og viðgengst*. Hann hunsaði algjörlega hugmyndina að hægt er að raða í kringum sig hlutum sem valdir eru einn í einu. Í svefnherberginu þeirra var ekkert skraut, einungis innrammaðar myndir, litlir dúkar sem búnir voru til fyrir mæðradaginn og á arinhillunni var stór keramikbrjóstmynd af barni sem sölumaður húsgagnaverslunarinnar hafði bætt við í kaupbæti með hornbekknum<sup>81</sup>.

Leiðarstefið var: *Ekki látast vera það sem maður er ekki*.

Það var alltaf þessi hræðsla við að vera ósmekklek eða að verða sér til skammar. Einu sinni var hann með miða á annað farrými en fór fyrir mistök á fyrsta farrými. Eftirlitsmaðurinn lét hann borga aukagjald. Önnur skammarleg minning: Á skrifstofu sýslumannsins átti hann að skrifa „lesið og samþykkt“ en hann vissi ekki hvernig átti að stafsetja þetta og skrifaði því „samþingt“. Á heimleiðinni var þetta honum til mikils бага og hann var gripinn þráhyggju yfir þessum mistökum. Vottur af skömm.

Í gamanmyndum á þessum tíma var mikið um einfaldar hetjur og menn úr sveit sem hegðuðu sér á skjön við það sem viðgekkst í borginni eða á meðal yfirstéttarinnar (hlutverk eins og hjá Bourvil<sup>82</sup>). Maður grét úr hlátri yfir vitleysunni sem kom út úr þeim og glappaskotunum sem þeir voguðu sér að gera, þeim sömu og maður var sjálfur hræddur um að gera. Einu sinni las ég að þegar Bécassine<sup>83</sup> var í læri átti hún að sauma út fugl á einn smekk

---

<sup>81</sup> Neðanmálgrein ClassicoCollège: „Cosy-corner : meuble constitué d'un divan et d'une étagère“ (Blévenec, 2012, 49). Útskýring á þessu orði er að þetta sé húsgagn sem sé samsett úr sófa og hillu. Það er ekki til ákveðið orð um þesskonar húsgagn á íslensku, en út frá þeim upplýsingum sem gefnar eru, bæði í orðinu sjálfu og neðanmálgrein, hefur þetta verið þýtt sem „hornbekkur“. Slíkir bekkir geta verið með einhverjum hillum, t.a.m. í horninu.

<sup>82</sup> Neðanmálgrein ClassicoCollège: „Bourvil : (1917-1970) : acteur comique français. Bourvil var franskur gamanleikari.

<sup>83</sup> Neðanmálgrein ClassicoCollège: „Bécassine : personnage de bande dessinée qui symbolise la provinciale naïve“ (Blévenec, 2012, 49).

Í enskri þýðingu bókarinnar er neðanmálgrein sem útskýrir Bécassine: „Fictional character invented by the French publisher Maurice Languereau for his children's weekly *La Semaine de Suzette*. Bécassine – from the French word *bécasse* meaning a ninny – is a naïve peasant girl from Brittany whose kind heart and easily abused incredulity lead her to commit one blunder after another. The series was illustrated by the cartoonist Jean-Pierre Pinochon and enjoyed tremendous popular success before and immediately after the First World War“ (Leslie, 1992, 49).

og á hina *sömuleiðis*.<sup>84</sup> Hún saumaði út *sömuleiðis* með silkisaum í restina af smekkunum. Ég var ekki viss hvort ég hefði ekki saumað út *sömuleiðis*.

Hann var feiminn og stífur fyrir framan fólk sem hann áleit mikilvægt og spurði aldrei neinna spurninga. Í stuttu máli, hann hagaði sér gáfulega. Það sem fólst í þessu var að skilja lægri stöðu okkar, afneita henni og fela hana eins vel og hægt var. Það fór heilt kvöld í vangaveltur um það hvað skólastýran hefði átt við þegar hún sagði: „Í þessu hlutverki verður dóttir ykkar í *borgarklæðnaði*“. Við skömmuðumst okkar fyrir að kunna ekki skil á því sem við hefðum óhjákvæmilega vitað værum við ekki það sem við vorum, það er að segja annars flokks.

Þráhyggjan: *Hvað mun fólk halda um okkur?*“ (nágrannarnir, viðskiptavinirnir, allir).

Reglan: Að forðast gagnrýnisraddir annarra með kurteisi, hlutleysi í skoðunum og fylgjast grannt með eigin lundarfari svo ekki væri hætt á að missa eitthvað út úr sér. Hann leit aldrei í átt að grænmetisgarðinum sem verið var að stinga upp, nema þá fyrir tilstilli eigandans ef hann brosti, kinkaði kolla eða bauð góðan daginn. Það var ekki farið í neinar heimsóknir nema ef boð bærst fyrst, ekki einu sinni til einhvers sem lá veikur á sjúkrahúsinu. Spurningar sem komu upp um forvitni eða öfund og gáfu viðmælandanum yfirhöndina voru ekki leyfilegar. Setning sem var bönnuð: „Hvað borgaðir þú mikið fyrir þetta?“.

Ég tala oft um „okkur“ af því að ég hugsaði lengi á sama hátt og ég er ekki viss hvenær ég hætti því.

Sveitamállýskan hafði verið eina tungumál afa og ömmu.

Það er til fólk sem kann að meta „blæbrigði mállýskunnar“ og alþýðu málsins. Proust til að mynda benti af aðdáun á villur og gamaldags orðalag Françoise. Áhyggjur hans voru<sup>85</sup> einungis fagurfræðilegar af því að Françoise var þjónustustúlkan hans en ekki móðir. Þetta orðalag var honum ekki í blóð borið.

---

Hér er um að ræða persónu úr franskri teiknimyndasögu. Hún er holdgervingur einfeldningsins og auðtrú landsbyggðarmannsins/konunnar.

<sup>84</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>85</sup> Þessi setning er í nútíð á frönsku, ég færi hana yfir í þátíð svo hún gangi betur upp í framhaldi þess sem á undan kom.

Í augum þabba var mállýskan eitthvað gamalt og ljótt, merki um lægri stöðu. Hann var stoltur yfir því að hafa hreinsað sig af henni, jafnvel þótt franskan hans væri ekki góð, þá var það franska. Þeir málfimu, klæddir hefðbundnum Normandí klæðnaði, gerðu stutta grínþætti á mállýskunni á útisamkomum í Y... og almenningur hló. Svæðisblaðið var með Normandí pistla til þess að skemmta lesendum. Þegar læknirinn eða einhver annar *hátt settur* laumaði orðatiltæki úr Caux mállýskunni<sup>86</sup> inn í samræðurnar eins og „hún er frísk sem fiskur og kát sem kið<sup>87</sup>“ í stað „hún er við fulla heilsu“ hafði þabbi setninguna eftir lækninum fyrir mömmu, rogginn og ánægður að sjá að þetta fólk, þrátt fyrir að vera svona smart, ætti enn eitthvað sameiginlegt með okkur og bæri með sér smá vott af lægri samfélagsstöðu. Hann var sannfærður um að hann<sup>88</sup> hefði misst þetta út úr sér. Af því að fyrir honum hafði það alltaf

---

<sup>86</sup> Neðanmálsgrein Classico Collège: „Cauchoise : du pays de Caux, en Normandie, et donc en patois“ (Blévennec, 2012, 51).

CNRTL: caucois = B.– Qui se rapporte, qui est propre au pays de Caux ou à ses habitants. Hér er átt við orðatiltæki úr þeirri mállýsku sem tilheyrir Caux héraði í Normandí.. Því er bætt inn í textann til þess að sú tenging haldist, þar sem ekki er til orð yfir þetta á íslensku.

<sup>87</sup> Hér er um að ræða orðatiltæki sem tekið er úr mállýsku Caux héraðsins í Normandí. Eins og segir í textanum er merkingin sú að vera við góða heilsu. Í enskri þýðingu bókarinnar er þetta orðatiltæki þýtt sem: „she’s as fit as a Malley bull on Sundays“ (Ernaux, 1992, 51). Þarna er enskt orðatiltæki sett inn, sem merkir að vera jafn heilsuhraustur og naut. Bein merking „péter par la sente“ er þó vandfundin. Á veforðabók CNRTL, undir orðinu „santé“ má finna orðatiltækið „péter de santé“, sem merkir að vera vel heilsuhraustur:

CNRTL: santé = b) *Loc. verb. intrans. Être plein* (ou verbe du même parad.) + *de santé*. Avoir une apparence florissante, être en très bonne forme. *Éclater, resplendir de santé*. Pop., fam. *Crever, péter de santé*

Samkvæmt *Dictionnaire de patois normand* kemur fram að orðið „péter“ merki „mesurer en plaçant successivement le bout de chaque pied contre le talon de l’autre. C’est un terme fréquemment employé par les enfants dans leur jeux“ (Moisy, 1887, 483). Á sama stað er einnig talað um uppruna orðsins, en það er komið af orðinu „pe“, sem er gamalt orð notað í Normandí yfir „pied“ (ísl. fótur). Þar að auki eru gefnar tvær aðrar útgáfur af orðinu „péter“; „paiter“ og „petayer“, það síðara merkir „se promener“ eða „að fara í gönguferð“. Í sömu orðabók er einnig að finna útskýringu á orðinu „sente“. Þar segir: „Quoiqu’il soit admis par l’Académie, ce vieux mot est, depuis plus de deux siècle, tombé en désuétude dans la langue littéraire ; en Normandi, il est resté d’un usage journalier“ (Moisy, 1887, 595). Orðið „sente“ merkir, samkvæmt orðabókinni, „sentier“, eða stígur á íslensku, og kemur af latneska orðinu „semita“. Út frá þessum upplýsingum er hægt að gera sér í hugarlund að setningin merki að ganga eftir stígnum, sé sett saman rót orðsins „péter“ og merking þess, þ.e. að talað er um fót og svo um að setja annan fótinn fram fyrir hinn: ganga. Hugsunin gæti þá verið sú að sá sem gengur er heill heilsu. Sú merking er hinsvegar ekki nýtt í íslensku þýðinguna, heldur er heildarmerking orðatiltækisins nýtt til þess að finna annað íslenskt sem stendur fyrir sama hlut, þ.e. að vera heilsuhraustur. Eins þarf að hafa í huga að hér er um sveitamállýsku að ræða. Reynt var að halda því með því að nota orðatiltæki sem dýraheitum. „Að vera kát sem kið og frísk sem fiskur“.

<sup>88</sup> Set hér „hann“ í stað „ils“. Það er talað um lækninn, eða einhvern annan hátt settan, en tilvitnunin er í lækninn.



virst ómögulegt að hægt væri að tala „rétt“ að eðlisfari. Hvort sem það var læknir eða prestur, það varð að leggja sig fram og hlusta á sjálfan sig, jafnvel þó maður sletti mállýsku heima við.

Hann var málgláður á kaffihúsinu og innan um fjölskylduna en þögull fyrir framan fólk sem var vel máli farið.<sup>89</sup> Hann átti það til að stoppa í miðri setningu og segja „er það ekki“ eða einfaldlega „ekki“ ásamt handahreyfingu sem bauð viðmælandanum að taka við orðinu. Hann talaði alltaf af varfærni og var ólýsanlega hræddur um að nota vitlaust orð sem hefði jafn slæmar afleiðingar og að reka við.

En hann þoldi ekki heldur flóknar setningar og ný orðatiltæki sem „þýddu ekki neitt“. Á tímabili sagði fólk við hvert tækifæri: „Auðvitað ekki“.<sup>90</sup> Hann skildi ekki að maður segði tvö orð sem voru í mótsögn við hvort annað. Ólíkt mömmu, sem var mjög umhugað um að líta út sem menntuð kona og þorði að prófa sig áfram með það sem hún hafði heyrt eða lesið með rétt örlitlu hiki, neitaði hann að nota orðaforða sem var ekki hans eigin.

Þegar ég reyndi að tjá mig á fáuðu máli sem barn var það eins og að þreifa sig áfram í myrkrinu.

Ein þráhyggjan hjá mér var óttinn við að eiga pabba sem væri kennari og myndi skylda mig til þess að tala alltaf rétt og aðgreina orðin í framburði. Við töluðum með öllum munninum.

Þar sem kennslukonan „leiðrétti“ mig, vildi ég síðan leiðrétta pabba, segja honum að „fyrirbakvið hús“ eða „klukkuna vantar hálf tíma í ellefu“ *væri ekki til*. Hann varð alveg bálöskureiður. Í annað skipti sagði ég: „Hvernig heldur þú að ég geti komist hjá því að gera villur ef þú talar alltaf vitlaust!“. Ég var grátandi. Hann var vansæll. Í minningunni er allt það sem viðkemur tungumálinu sveipað biturð og sársaukafullu þjarki, mikið meira en umræðan um peninga.

Hann var glöðvær maður.

Hann spaugaði við viðskiptavinina sem höfðu gaman af góðu gríni. Tvíræðar sögur undir rós. Kúkabrandarar. Kaldhæðni var honum framandi. Í útvarpinu hlustaði hann á skemmti- og söngvaþætti og spurningaþætti. Hann var alltaf tilbúinn að fara með mig í

---

<sup>89</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>90</sup> Setningu skipt í tvennt

sirkusinn, á flugeldasýningar eða að sjá *kjánalegar* kvikmyndir. Í farandtívolínu fórum við um borð í draugalestina og fallturninn og horfðum á feitustu konu í heimi og Putaling<sup>91</sup>.

Hann hafði aldrei stigið fæti inn á safn. Hann staðnæmdist fyrir framan fallegan garð, tré í blóma, býflugnabú og horfði á eftir holdmiklum stelpum. Hann dáðist að gríðarstórum byggingum og miklum nútímalegum byggingarsmíðum (eins og Tancarville brúnni). Hann hafði yndi af sirkustónlist og bílferðum út í sveit, það er að segja hann virtist hamingjusamur þegar hann renndi augum yfir akra og beykilunda og hlustaði á Bouglione. Tilfinningin sem vaknar þegar maður heyrir laglínu eða virðir fyrir sér landslag var ekki umræðuefni. Þegar ég byrjaði að umgangast millistéttina í Y... var ég fyrst spurð um smekk minn á hinu og þessu<sup>92</sup>, djass eða klassísk tónlist, Jaques Tati eða René Clair<sup>93</sup>. Þetta nægði til þess að ég skildi að ég væri komin yfir í annan heim.

Eitt sumarið fór hann með mig til fjölskyldunnar við ströndina og við dvöldum þar í þrjá daga. Hann gekk um berfættur í sandölunum, stöðvaði við inngang þýsku varnarvirkjanna<sup>94</sup> og drakk bjór á verönd kaffihúsanna, ég fékk gos. Hann drap kjúkling fyrir frænku mína með því að halda honum á milli fóta sér og troða skærunum inn um gogginn.<sup>95</sup> Þykkt blóðið dropaði niður á moldargólf kjallarans. Þau sátu öll við matarborðið fram á miðjan eftirmiðdaginn, rifjuðu upp stríðið, ættingja og létu ljósmyndir ganga yfir tómum bollunum. „*Nægur tími til að deyja, áfram veginn!*“

---

<sup>91</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Lilliputien : dans le roman de Jonathan Swift (1667-1745) *Les Voyages du Gulliver*, minuscule habitant de l'île imaginaire de Lilliput ; par extension, homme de très petite taille“ (Blévenec, 2012, 53). Þar sem nafnið er skrifað með stórum staf er hér átt við Putalinga, sem búa í Putalandi og eru sögupersónur í einni af sögunum um Gulliver. Orðið er í eintölu í franska textanum, því er haldið í þeim íslenska.

<sup>92</sup> Hér er bætt inn orðunum „á hinu og þessu“ til þess að íslenska setningin hljómi betur. Oftast er tala um smekk fólks á einhverju og því kom vel út að bæta þarna inn þessum orðum áður en upptalningin hefst.

<sup>93</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Jaques Tati (1907-1982), René Clair (1898-1981): réalisateurs français“ (Blévenec, 2012, 53). Hér er verið að tala um franskan kvikmyndaleikstjóra.

Hér er einnig setningu skipt í tvennt.

<sup>94</sup> Snara.is frönsk-íslensk orðabók: blockhaus = (lítið varnar)virki.

Neðanmálgrein Classico Collège: „Blockhaus : abris fortifiés construits par l'armée allemande pendant la Seconde Guerre mondiale, notamment le long littoral français“ (Blévenec, 2012, 53).

Ensk þýðing bætir hér inn orðinu „German“ (Ernaux, 1992, 54) og gefur þannig skýrari mynd af því hvernig varnarskýli um ræðir. Það er einnig gert í íslensku þýðingunni.

<sup>95</sup> Setningu skipt í tvennt.

Kannski hafði hann eðlislæga tilhneigingu til þess að hafa engar áhyggjur, þrátt fyrir allt. Hann bjó sér til verkefni sem færðu hann fjær versluninni. Hænsna- og kanínurækt, bygging útiskúra og bílskúrs. Tilhögun bæjarhlaðsins tók oft breytingum eftir hans geðþótta, salernið og hæsnahúsið voru færð til þrisvar sinnum. Það var alltaf þessi vilji til þess að rífa niður og byggja upp aftur.

Mamma var von að segja: „Hann er úr sveit, hvað get ég sagt“

Hann þekkti fugla á söng þeirra og horfði til himins á hverju kvöldi til þess að sjá hvernig veðrið yrði, kalt og þurr ef að hann var rauður, rigning og rok þegar tunglið var á kafi í vatni, það er að segja sokkið bakvið skýin. Hvern eftirmiðdag þaut hann út í garð, sem var alltaf mjög snyrtilegur. Að vera með skítugan garð með illa hirtu grænmeti gaf til kynna hirðuleysi og skaðaði ímyndina svipað og þegar maður vanrækir sjálfan sig eða drekkur of mikið. Það þýddi að tapa tilfinningu fyrir tímasetningum, hvenær ákveðnar tegundir áttu að vera settar niður og áhyggjunum af því hvað aðrir hugsuðu. Stundum hækkuðu bæjarrónarnir sig í álitu með fallega ræktuðum garði á milli fyllería. Þegar pabba hafði mistekist blaðlauksræktunin, eða hvað það nú var, fylltist hann örvæntingu. Í lok dagsins tæmdi hann næturkoppinn í síðustu röðina sem hafði verið stungin upp og varð fokillur ef hann fann gamlan nælonsokk eða kúlupenna sem ég hafði hent þangað af því að ég nennti ekki að fara niður með ruslið.

Það eina sem hann notaði til þess að borða var Opinel vasahnífurinn. Hann skar brauðið í litla teninga sem hann lagði við hliðina á disknum til þess að grípa með þeim ostbita og svínabjúgu og til þess að hreinsa upp sósuna af disknum. Það hryggði hann að sjá mig leifa mat. Það hefði verið hægt að setja diskinn hans upp í skáp án þess að þvo hann. Eftir matinn þurrkaði hann hnífinn sinn á vinnugallanum. Ef hann hafði borðað síld stakk hann honum í jörðina til að ná burt lyktinni. Allt fram til loka sjötta áratugarins borðaði hann súpu í morgunmat, seinna meir fór hann að drekka kaffi með mjólk en treglega þó, eins og hann væri að taka upp einhvern kvenlegan fínleika. Hann drakk það skeið fyrir skeið og sötraði það eins og súpu. Klukkan fimm bjó hann sér til hressingu, egg, radísur, bökuð epli og lét sér nægja grænmetissúpu á kvöldin. Honum bauð við majónesi, þungum sósunum og kökum.

Hann svaf alltaf í skyrtu og þrjónabol. Hann rakaði sig þrisvar í viku við spegilinn fyrir ofan vaskinn í eldhúsinu.<sup>96</sup> Þegar hann hneppti niður skyrtukraganum sá ég föla húðina fyrir neðan háls. Baðherbergi, sem voru merki um ríkidæmi, urðu algengari eftir stríð og mamma lét koma upp snyrtingu á efri hæðinni en hann nýtti sér það aldrei og hélt áfram að þvo sér í eldhúsinu.

Á veturna þótti honum gott að hrækja og hnerra á bæjarhlaðinu.

Ég hefði getað skrifað þessa mannlýsingu í gamla daga í ritun í skólanum ef það hefði ekki verið bannað að lýsa því sem ég þekkti. Einu sinni var stelpa í fimmta bekk sem hnerraði svo stórkostlega að stílabókin hennar fór á flug. Kennslukonan sem stóð við töfluna snéri sér við og sagði: „Glæsilegt, í alvöru!“

Það vildi enginn úr millistéttinni í Y..., hvort sem það voru verslunarmenn í miðbænum eða skrifstofufólk, líta út fyrir að „vera úr sveit“. Að vera úr sveitinni merkir það að vera ómenntaður ásamt því að allt yfirbragð, talsmáti og klæðaburður er úrelt. Vinsæl skrýtla á þessum tíma: Bóndi sem var í heimsókn hjá syni sínum í borginni sest niður fyrir framan þvottavélina og situr þar kyrr, hugsar, starir innum gluggann á þvottavélarhurðinni á þvottinn sem snýst hring eftir hring. Í lokin stendur hann upp, hristir höfuðið og segir við tengdadóttur sína: „Hvað sem hver segir þá virkar sjónvarpið ekki“<sup>97</sup>.

En í Y... var minna fylgst með mannasiðum stórbændanna sem birtust á markaðinn á Vedette bifreið, síðan á Citroën DS og seinna meir á Citroën CX<sup>98</sup>. Það versta var að haga sér og líta út fyrir að vera úr sveit án þess þó að vera það.

---

<sup>96</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>97</sup> CNRTL: point = II. – C. – 4. b) *MÉCAN. Mettre au point*. Faire les réglages et les adaptations permettant le bon fonctionnement d'un moteur, d'une machine, d'un dispositif complexe. *Être au point*. Être en état de fonctionner. „Être au point“ merkir að eitthvað sé í lagi, eitthvað virki. Setningin verður því hér: „...sjónvarpið virkar ekki“.

<sup>98</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Vedette, DS, CX : noms de grosses voitures“ (Blévenec, 2012, 56).

Í þessari setningu bæti ég inn orðinu „bifreið“ og „Citroën“. Það er gert til þess að auðvelda lesturinn á íslensku og hafa þýðinguna skýrari. Þessar bílategundir búa ekki yfir neinum gæluyrðum á íslensku, en nafn einnar þeirra er þó ákveðinn orðaleikur á frönsku, þ.e.

Hann og mamma töluðu stöðugt við hvort annað í ávítunartón, jafnvel þegar þau sýndu hvort öðru umhyggju. „Ekki gleyma að setja trefilinn á þig áður en þú ferð út!“ eða „Sestu nú aðeins niður!“ hljómaði eins og móðgun. Þau kýttu linnulaust til þess að fá á hreint hver týndi reikningnum frá gosframleiðandanum eða hver gleymdi að slökkva ljósið í kjallaranum. Hún öskraði hærra en hann af því að það *fór allt í taugarnar á henni*, vöruafhending sem var of sein, of heit hárfurrka hjá hárgreiðslukonunni, að fara á túr og viðskiptavinirnir. Stundum sagði hún: „Þú varst ekki gerður til þess að vera kaupmaður“ (sem þýddi: Þú hefðir átt að vera verkamaður áfram). Hann fór út fyrir sín hefðbundnu rólegheit þegar hann svaraði móðguninni: „TRUNTA! Ég hefði betur skilið þig eftir þar sem ég fann þig“. Í hverri viku samanstóðu samskipti þeirra af: Þú ert einskis nýtur! – Þú ert geðveik, kerling!

Algjörlega til skammar! – Gamla tæfa!

Og svo framvegis. Án þess að þetta merkti eitthvað.

Við kunnum ekki að tala við hvort annað öðrúvísi en nöldrandi. Kurteisistónninn var frátekinn fyrir ókunnuga. Vaninn var svo rótgróinn að pabbi, sem reyndi að tjá sig rétt í félagsskap annara, eyðilagði þau jákvæðu áhrif sem hann vildi hafa með því grípa til Normandí mállyskunnar, fúkyrða og hranalegs tóns þegar hann bannaði mér að klifra á grjóthaugnum. Hann hafði ekki lært að skamma mig á fagaðan hátt og ég hefði aldrei trúað hótun um löðrung hefði hann ausið henni út úr sér á réttan máta.

Kurteisi á milli foreldra og barna var mér löngum ráðgáta. Ég hef einnig eytt mörgum árum í að „skilja“ þá miklu alúð sem vel siðað fólk sýnir með því að bjóða einfaldlega góðan daginn. Ég skammaðist mín, ég verðskuldaði ekki svo mikla virðingu og ég fór svo langt að ímynda mér að það hefði sérstakt dálæti á mér. Síðar áttaði ég mig á því að bros þeirra og spurningar sem virtust settar fram af miklum áhuga höfðu ekki meiri merkingu en það að borða með lokaðan munninn eða að snýta sér svo lítið beri á.

Það er mikilvægt fyrir mig að ráða fram úr þessum minningum núna og þeim mun meira þar sem ég hef lengi bælt þær niður, viss um að þær hefðu enga merkingu. Það er fyrir

---

DS = déesse. Þetta var því Gyðjan í bílaflota Citroën. Nafnið er þó DS og er því þess vegna haldið hér ásamt CX en Citroën bætt fyrir framan til þess að gera þýðinguna skýrari.

einskæra niðurlægingu ef ég hef getað haldið í minningarnar. Ég lagaði mig að vilja heimsins sem ég bý í, þeim sem reynir af öllum mætti að fá mann til að gleyma minningum um óæðri veröld eins og hún væri eitthvað ósmekklegr.

Þegar ég sinnti heimalærdómnum við eldhúsbörðið á kvöldin, blaðaði hann í bókunum mínum, aðallega sögu, landafræði og raunvísindum. Honum fannst gaman þegar ég spurði hann erfiðra spurninga. Einu sinni krafðist hann þess að ég léti hann gera stafsetningarstíl til þess að hann gæti sannað fyrir mér að hann væri góður í réttitun. Hann vissi aldrei í hvaða bekk ég var, hann sagði bara: „Hún er hjá fröken Jónu Jóns<sup>99</sup>“. Skólinn, trúarleg stofnun sem mamma valdi, var í hans augum hræðileg veröld sem flaut fyrir ofan mig eins og Laputaeyja í *Ferðum Gúllivers* og stýrði allri minni hegðun og gjörðum: „Svei attan! Ef kennslukonan myndi nú sjá þig núna!“ eða þá „Ég tala við kennslukonuna þína, hún kennir þér lexíu eða tvær!“.

Hann talaði alltaf um skólann *þinn* og bar fram hei-ma-vis-tar-skó-ól-i og ab-ba-dí-ís (skólastýran gekk undir því nafni) af einhverskonar þvingaðri virðingu og aðgreindi hvert atkvæði, eins og venjulegur framburður á þessum orðum gæfi til kynna að hann væri nátengdur þeim lokaða heimi sem orðin vísuðu til og honum fannst hann ekki geta gert tilkall til þess. Hann neitaði að fara á skólahátíðir, jafnvel þegar ég lék hlutverk. Mamma hneykslaðist: „*Það er engin ástæða fyrir því að þú farir ekki*“. Hann svaraði „en þú veist vel að ég fer aldrei á svonalagað“.

Hann sagði oft, alvarlegur í bragði, næstum sorgmæddur: „Hlustaðu vel á það sem þér er sagt er í skólanum!“ Ótti um að þessi furðulega náðargjöf, góðu einkunnirnar mínar, myndi allt í einu hverfa. Í hvert skipti sem mér gekk vel með ritgerð, seinna meir í prófum, svona miklu *náð* vonaði hann að ég yrði *betri en hann*.

---

<sup>99</sup> Snara.is frönsk-íslensk orðabók: untel = ónefndur maður, N.N. Monsieur/Madame Untel: hr/frú N.N.

Snara.is íslensk orðabók: N.N. = notað í stað nafns þegar hver sem er kemur til greina, nafn er ekki ljós eða ekki vilji til að nefna þann sem átt er við (líkl. lat. *nomen nescio* þ.e. ég veit ekki nafnið).

Á íslensku er stundum talað um „Jón Jónsson“ eða þá með föðurnafnið stytt „Jón Jóns“ yfir þann sem ekki er nafngreindur sérstaklega, þar sem Jón er mjög algengt nafn á íslensku. Hér er þó verið að tala um kennslukonu og því er þetta yfirfært yfir á kvenkyn: Jóna Jóns.

Hvenær ætli þessi draumur hafi komið í stað hans eigin, þeim sem hann viðurkenndi einu sinni, að eiga fínt kaffihús í hjarta bæjarins, með verönd, straum viðskiptavina og kaffivél á bakvið barborðið. Skortur á fjármagni, ótti við að byrja upp á nýtt, uppgjöf. *Við hverju býstu.*

Hann hættir að stíga út úr litlum, tvískiptum heimi verslunareigandans. Öðrum megin voru þeir góðu sem versluðu hjá honum, hinum megin voru þeir vondu, fjölmennari hópur, sem versluðu annarsstaðar, í verslunum enduruppbyggðs miðbæjarins. Við þá síðarnefndu bætist ríkið sem hann<sup>100</sup> grunaði um að vilja ryðja okkur úr vegi með því að styðja við *stórlaxana*. Það var líka klofningur á meðal góðu viðskiptavinanna, þeir góðu sem versluðu alltaf í búðinni og þeir vondu sem móðguðu okkur með því að kaupa lítra af olíu sem þeir höfðu gleymt að taka með sér úr bænum. Og það var ekki einu sinni hægt að treysta þeim góðu, þeir voru alltaf tilbúnir að svíkja okkur og voru handvissir um að við snuðum þá. Allir að rotta sig saman. Það var hatur og undirgefni og hatur gegn eigin undirgefni. Djúpt innra með honum bjó von allra kaupmanna, að vera sá eini í bænum að selja varning sinn. Við fórum einn kílómetra að heiman til þess að kaupa brauð af því að bakarinn við hliðina verslaði ekkert hjá okkur.

Hann kaus Poujade<sup>101</sup> formsins vegna, án sannfæringar, maðurinn var of „uppfullur af sjálfum sér“ fyrir hans smekk.

En hann var ekki *óhamingjusamur*. Það var alltaf hlýtt á kaffihúsinu, útvarpið ómaði í bakgrunninum og fastagestirnir streymdu að frá klukkan sjö á morgnana til klukkan níu á kvöldin, heilsuðu á venjubundinn hátt og fengu svör sama eðlis: „Komið þið öll sæl og blessuð – Komdu blessaður“. Samtölin snerust um rigninguna, veikindi, dauðsföll, laus störf eða þurrkinn. Staðhæfingar á hlutum, breytilegar eftir aðstæðum, ásamt þaulæfðu gríni til að lífga upp á tilveruna, *ég reyni að ráða ríkjum hjá mér, sjáumst síðar meistari, já, þótt fyrr verði*<sup>102</sup>. Öskubakkinn tæmdur, þurrkað af borðunum og dustað af stólunum.

---

<sup>100</sup> Breyti hér setningunni með því að setja persónufornafnið „hann“ inn. Þetta er gert til þess að setningin sé skýrari á íslensku og textinn í betra flæði.

<sup>101</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Pierre Poujade (1920-2003) : homme politique français aux idées populistes, qui a fondé dans les années 1950 un mouvement de défense des commerçants“ (Blévenec, 2012, 59). Pierre Poujade var franskur stjórnmálamaður sem á 6. áratugnum stofnaði verslunarmannahreyfingu í Frakklandi.

<sup>102</sup> Hér er ákveðinn orðaleikur, sbr *plaisanteries rodées*: à demain – à deux mains – à deux pieds. Enska þýðingin virðist sleppa þessu: „Statements of facts, variation on a theme.

Þegar hann átti lausa stund tók hann við af mömmu í matvöruversluninni án þess að hafa af því einhverja ánægju, hann kaus heldur lífið á kaffihúsinu eða kannski kaus hann ekki neitt nema að dunda sér í garðinum og smíða eins marga kofa og hann vildi. Ilmur markarrunnans í blóma í vorlok, skýrt gelt hundanna í nóvember og lestirnar sem fara hjá og eru merki um kuldatíð framundan; já, allt það sem fær þá sem stjórna, ráða ríkjum og skrifa í blöðin til þess að segja „þetta fólk þarna er *samt sem áður* hamingjusamt“.

Á sunnudögum var farið í bað, kíkt í kirkju, spilaðir dómínó leikir eða farið í bílferð í eftirmiðdaginn. Á mánudögum var farið út með ruslið, á miðvikudögum kom sprúttali, á fimmtudögum kom náunginn með matvöruna og svo framvegis. Á sumrin lokuðu þau fyrirtækinu í heilan dag til þess að heimsækja vinafólk, starfsmann járnbrautarlestanna og fjölskyldu hans<sup>103</sup> og annan dag til þess að fara í píligrímsferð til Lisieux. Um morguninn heimsóttu þau Karmelítakirkjuna, Diorama safnið<sup>104</sup>, basilíkuna og að lokum fóru þau á veitingastað. Eftir hádegi fóru þau til Les Buissonnets og á Trouville-Deauville baðströndina<sup>105</sup>. Hann bretti upp buxaskálmarnar og dýfði fótunum í og mamma lyfti aðeins upp pilsinu sínu. Þau hættu þessu þegar það datt úr tísku.

Á hverjum sunnudegi var borðað eitthvað gott.

Héðan í frá hélst líf hans óbreytt. En hann var þess fullviss að *maður getur ekki verið hamingjusamari en maður er*.

Þennan sunnudag hafði hann lagt sig eftir hádegið. Hann gengur fram hjá háaloftsglugganum. Heldur á bók sem hann ætlar að setja aftur ofan í kassa sem

---

And then the last one for the road: “Cheers, squire” - “Cheers, be seeing you” (Ernaux, 1992, 62). Í íslensku þýðingunni var reynt að viðhalda einhverju gríni og fundin orð sem notuð eru við svipaðar aðstæður á Íslandi.

<sup>103</sup> Fylgi hérna enskri þýðingu sem bætir inn „and his family“ (Ernaux, 1992, 63).

<sup>104</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Carmel : lieu de prière dédié à sainte Thérèse de Lisieux ; diorama : musée de cire de Lisieux“ (Blévenec, 2012, 60). Hér bæti ég inn orðinu „safn“ til þess að skýra út orðið „diorama“. Um er að ræða vaxsafn í Lisieux sem segir frá lífi heilagrar Teresu.

<sup>105</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Les Buissonnets : nom de la maison d’enface de sainte Thérèse de Lisieux, devenue lieu de pèlerinage ; Trouville-Deauville : stations balnéaires de la côte normande“ (Blévenec, 2012, 60). Hið fyrra er uppeldisheimili heilagrar Teresu frá Lisieux og er stoppistöð á píligrímsferðum. Hið síðarnefnda er baðströnd í Normandí. Þetta eru bæði heiti á stöðum og því ekki fært yfir á íslensku en bætt við orðinu „baðströnd“ til þess að skýra hvað átt er við.



sjóðliðsforinginn skildi eftir hjá okkur. Hann glottir út í annað þegar hann sér mig á bæjarhlaðinu. Þetta er klámbók.

Ljósmynd af mér einni, tekin utandyra, með röð af skúrum hægra megin við mig, gömlum við hlið þeirra nýju. Ég kann líklega ekki enn skil á viðmiðum kvenlegrar fegurðar, en ég virðist þó kunna að gera það besta úr því sem ég hef: Ég sný þrjá fjórðu úr hring til þess að fela mjaðmirnar í þröngu pilsinu og draga athyglina að brjóstunum.<sup>106</sup> Það liggur hárlökkur þvert yfir ennið. Ég brosi til þess að virðast mild í útliti. Ég er sextán ára. Neðst er skugginn af pabba sem tók myndina.

Ég sinnti náminu, hlustaði á plötur og las, alltaf inni í herbergi. Ég fór ekki niður nema á matmálstímum. Við borðuðum í hljóði. Ég hló aldrei þegar ég var heima. Ég notaðist við „kaldhæðni“. Þetta er á þeim tímapunkti þegar allt það sem ég þekki verður mér framandi. Ég færi mig rólega yfir í heim millistéttarinnar og fæ aðgang að partyunum, eina skilyrðið fyrir inngöngu var að vera ekki *grunnhygginn*, sem reyndist þó mjög erfitt. Allt það sem mér þótti skemmtilegt virtist vera lummó<sup>107</sup>; Luis Mariano, skáldsögur Marie-Anne Desmarets og Daniel Gray<sup>108</sup>, varalitur og brúðan sem ég vann í tívolíinu og liggur í palliættukjólnum sínum á rúminu mínu. Mér fundust meira að segja skoðanir fólks úr mínum eigin þjóðfélagshóp vera fáránlegar, *hleypidómar*, eins og til dæmis „það er nauðsynlegt að hafa lögregluþyrirvöld“ eða „þú ert ekki karlmaður nema þú hafir sinnt herskyldu“. Veröld mín snérist við.

---

<sup>106</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>107</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Péquenot : paysan (familier) (Blévenec, 2012, 69). Skýring við orðið „péquenot“ gefur til kynna að þetta sé óformlegt orð og alþýðlegt yfir eitthvað sem er sveitalegt. Á íslensku er til gott orð yfir það: lummó.

<sup>108</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Luis Mariano (1914-1970) : chanteur d'opérettes espagnol, très populaire en France ; Marie-Annie Desmarets, Daniel Gray : auteurs de romans sentimentaux véhiculant une image stéréotypée de l'amour“ (Blévenec, 2012, 69). Hér er útskýrt hvaða fólk er verið að tala um; Luis Mariano var spænsku óperu söngvari sem var mjög vinsæll í Frakklandi; Marie-Anne Desmarets og Daniel Gray voru rithöfundar sem skrifuðu ástarsögur, reifara.

Ég las „alvöru“ bókmenntir og skrifaði upp setningar og ljóðlínur sem mér fannst tjá „sálarlíf“ mitt og torskiljanlega hluti tilverunnar, eins og til dæmis: „Hamingjan er guð sem gengur tómhentur<sup>109</sup>... (Henri de Régnier).

Pabbi féll undir skilgreininguna *fábrotinn maður, hógvær maður* eða *góður maður*. Hann þorði ekki lengur að segja mér sögur frá æskuárunum. Ég var hætt að tala um námið við hann. Að undanskilinni latínu, þar sem hann hafði verið kórdrengur, var það honum óskiljanlegt og ólíkt mömmu neitaði hann að þykjast hafa áhuga. Hann reiddist þegar ég kvartaði undan vinnuálagi eða gagnrýndi námskeiðin. Honum mislíkuðu orðin „gaggó“ og „menntó<sup>110</sup>“, meira að segja „skrudda“. Og alltaf var til staðar þessi hræðsla eða kannski óskhyggja að mér myndi ganga illa.

Hann varð pirraður að sjá mig eyða öllum deginum með nefið ofan í bókunum og kenna þeim svo um vonda skapið og fýlusvipinn á andlitinu á mér. Hann sagði að ég væri að spilla heilsunni þegar hann sá ljósið undir hurðinni á herberginu mínu á kvöldin. Námið var nauðsynlegt kvalræði til þess að hljóta góða stöðu og *verða ekki verkamaður*. Honum þótti grunsamlegt að mér þætti í raun gaman að brjóta heilann um eitthvað. Að missa af lífinu á blómaskeiði ævinnar. Hann virtist stundum halda að ég væri óhamingjusöm.

Frammi fyrir fjölskyldunni og viðskiptavinunum fannst honum vandræðalegt, næstum því skömmustulegt, að ég væri ekki farin að sjá fyrir mér sautján ára gömul.<sup>111</sup> Í nágrenninu

---

<sup>109</sup> Hér er vitnað í franska rithöfundinn Henri de Régnier. Þetta hefur ekki verið þýtt yfir á íslensku og því er þetta hér í minni þýðingu.

<sup>110</sup> Í franska textanum eru hér orðin „prof“ og „dirlo“. Það fyrra er stytting á orðinu „professeur“ eða „kennari“, það síðara er slangur yfir skólastjóra, „directeur“. Bæði orð er notuð sem stytting á lengri orðum og ná yfir tvær misháar stöður innan skólakerfisins. Á íslensku eru engar styttingar notaðar yfir þessi tvö orð, og því ekki hægt að halda sömu orðum í þýdda textanum. Til eru önnur orð yfir sömu stöður, sem tekin eru beint upp úr dönsku, „lærari“ og „rektor“. Með því að nota þau væri þó verið að breyta merkingu textans að vissu leyti. Pabbanum er ekki vel við þessi ákveðnu orð af því að þau eru notuð af þeim sem „eiga heima“ innan veggja skólans, þeim sem passa þar inn. Hann heldur sig sem fjærst skólaheiminum, af því að sá heimur vekur upp þá tilfinningu hjá honum að vera ekki jafn góður og aðrir, að hann sé annars flokks. Með því að nota orðin sem tekin eru úr dönsku næst hluti af þessum áhrifum, þ.e. að danska var notuð af menntuðu fólki á Íslandi á svipuðum tíma (og fyrr) og sagan gerist. Þeir sem ekki gátu brugðið fyrir sig dönsku voru þá flokkaðir sem ómenntaðir, úr sveit, annars flokks. Orðin „lærari“ og „rektor“ ná þó ekki að lýsa þeim kunnuglegu áhrifum sem frönsku orðin hafa, þ.e.a.s. að þeir sem eru í skólanum nota þessi orð frekar en aðrir. Það var því leitað aðeins lengra. Orðin „gaggó“ og „menntó“ eru styttingar á „gagnfræðiskóli“ og „menntaskóli“, tvö skólastig, annað hærra en hitt. Með því að nota þessi orð helst merking textans betur, bæði hvað varðar styttingar sem og kunnugleg áhrif orðanna, en það er yfirleitt fólk sem farið hefur í gagnfræðiskóla eða menntaskóla sem talar um „gaggó“ og „menntó“.

<sup>111</sup> Setningu skipt í tvennt.

unnu allar stelpur á þessum aldri á skrifstofum, í verksmiðjum eða afgreiddu í verslunum foreldra sinna. Hann óttaðist að litið væri á mig sem letingja og á hann sem monthana. Sem afsökun sagði hann: „Við ýttum ekki á eftir henni, hún var með þetta í sér“. Hann sagði að ég væri dugleg að læra, aldrei að ég væri dugleg að vinna. Að vinna átti einungis við um það sem unnið var með höndunum.

Í hans augum hafði námið enga tengingu við amstur hversdagsins. Hann þvoði salatið aðeins einu sinni og við fundum oft brekkusnigla í því. Það gekk alveg fram af honum þegar ég stakk upp á því að þvo salatið oftár eftir að hafa lært um sóttþreinsun í níunda bekk. Í annað skipti var hann orðlaus af undrun þegar hann heyrði mig tala ensku við puttaling sem einn af viðskiptavinunum hafði tekið upp í. Hann trúði því ekki að ég hafi lært erlent tungumál í skólanum án þess að fara til landsins.

Á þessum tíma fór hann að fá einstaka reiðikast sem sneri andlitssvipnum upp í hatursfulla grettu. Ég var nánari mömmu vegna ýmissa hluta sem við áttum sameiginlega eins og mánaðarlega tíðaverki, val á réttum brjóstahaldara og snyrtivörur. Hún fór með mig að versla á Gros-Horloge götunni í Rouen og á Périer kaffihúsið þar sem við borðuðum tertusneiðar með kökugaffli. Hún reyndi að nota orðaforðann minn, að komast á séns, að vera töff og svo framvegis. Við þörfnuðumst hans ekki.

Deilurnar byrjuðu við matarborðið upp úr þurru. Mér fannst ég alltaf hafa rétt fyrir mér af því að hann kunni ekki að *rökræða*. Ég gerði athugasemdir við það hvernig hann borðaði og talaði. Mér hefði þótt skammarlegt að áfella hann fyrir að geta ekki sent mig í frí, en mér fannst ég hafa rétt á því að bæta mannsiði hans. Kannski hefði hann kosið frekar að eiga aðra dóttur.

Einn daginn sagði hann: „Bækur og tónlist, það er fínt fyrir þig. Ég þarf ekki á því að halda til þess að *lifa*“.

Þar fyrir utan lifði hann rólyndislífi. Þegar ég kom heim úr tíma sat hann við hurðina í eldhúsinu sem liggur inn að kaffihúsinu og las *Paris-Normandie*, hokinn í herðum og handleggirnir hvíldu hvor á sinni hlið dagblaðsins sem lá útbreitt á borðinu. Hann leit upp: „Jæja, kemur ekki stelpuskjátan.

– Mikið er ég svöng!

– Það er nú góðs viti<sup>112</sup>. Fáðu þér það sem þig langar í“.

Hann var að minnsta kosti ánægður að geta gefið mér að borða. Við töluðum um sömu hluti og áður fyrr, ekkert annað.

Ég hugsaði að það væri ekkert meira sem ég gæti lært af honum. Orð hans og hugmyndir voru ekki gjaldgeng í frönskutímum eða heimspeki og ekki heldur í rauðum flauelssófum skólasysturanna. Á sumrin heyrði ég taktvisst skófluhljóðið í gegnum opinn svefnherbergisgluggann þegar hann sléttaði úr nýuppstunginni moldinni.

Ég skrifa kannski af því við höfðum ekkert lengur við hvort annað að segja.

Í stað rústanna sem tóku á móti okkur þegar við komum til Y... voru nú rjómagular byggingar í miðbænum og í þeim nútímalegar verslanir, upplýstar á nóttunni. Á laugardögum og sunnudögum safnaðist allt unga fólkið úr nágrenninu saman úti á götu eða inni á kaffihúsunum til að horfa á sjónvarpið. Konurnar úr hverfinu fylltu körfurnar í sunnudagsinnkaupunum í stórmörkuðum miðbæjarins. Pabbi var loksins kominn með hvíta múrhúð á framhlið hússins og neonljós, einmitt þegar þeir kaffihúsaeygendur sem voru með gott auga fyrir hlutunum voru að hverfa til baka til Normandí bindingsverksins, gervi bjálkabitanna og olfulampanna. Kvöldunum var eytt í að fara yfir uppgjörið. „Viðskiptavinirnir myndu ekki einu sinni koma þó þú gæfir þeim vörurnar“. Í hvert skipti sem það opnaði ný verslun í Y... fór hann í könnunarleiðangur á hjólinu.

Þeim tókst að sjá fyrir sér. Verkalýðurinn fyllti hverfið. Í stað millistéttarinnar, sem flutti til þess að búa í glænýjum húsum með baðherbergi, kom efnalítið fólk, ung pör sem unnu verkavinnu og fjölmennar fjölskyldur sem biðu eftir félagsíbúð. „Þið borgið bara á

---

<sup>112</sup> Franska setningin hér er: „C'est une bonne maladie“ (Ernaux, 1983, 83). Í beinni þýðingu væri það eitthvað í líkingu við „Það er góður sjúkdómur“. Þetta virðist þó vera einhverskonar orðatiltæki sem pabbinn notar, ánægður með að stelpa skuli vera svöng, það merkir að hún sé heilsuhraust, en einnig ánægður með að geta gefið henni að borða. „Það er góður sjúkdómur“ er ekki þekkt orðalag á íslensku, og ef til vill þekktist það ekki. Hér varð því að finna aðra leið. Ensk þýðing segir: „There's nothing wrong with that“ (Ernaux, 1992, 67). Þannig er haldið í tenginguna við heilsuna, að það sé ekkert að því að vera svangur. Út frá ensku þýðingunni fannst mér koma best út að setja hér „Það er nú góðs viti“. Tengingin við heilsuna er enn til staðar, svolítið fjarlægari en í franska textanum þó. Að mínu mati kemur það ekki að sök. Með því að bæta inn orðinu „nú“ er reynt að komast nær talmáli íslenskunnar.

morgun, við sjáumst nú aftur<sup>113</sup>“. Gamla fólkið var dáðið og eftirmenn þeirra höfðu ekki leyfi til þess að fara til baka fullir.<sup>114</sup> Viðskiptavinirnir sem höfðu tekið við af þeim voru drykkjumenn sem komu endrum og eins, létu lítið fara fyrir sér, stoppuðu stutt, borguðu og fóru. Núna fannst honum hann reka sómasamlegt kaffihús.

Hann sótti mig í sumarbúðir þar sem ég hafði verið leiðbeinandi. Mamma kallaði halló úr fjarska og þá kom ég auga á þau. Pabbi gekk hokinn og horfði niður út af sólinni. Eyrn á honum stóðu út og voru svolítið bleik, líklegast vegna þess að hann var nýkominn úr klippingu. Á gangstéttinni fyrir framan dómkirkjuna rifust þau um hvaða leið skyldi tekin heim. Þau líktust þeim sem ekki eru von að fara út á meðal fólks. Í bílnum tók ég eftir því að hann var með gula bletti við augun, við þunnvangann. Ég hafði í fyrsta skipti búið fjarri heimilinu, í tvo mánuði, í heimi sem var ungur og frjálslægur. Pabbi var gamall og áhyggjufullur. Mér fannst ég ekki lengur hafa rétt til þess að fara í háskóla.

Hann fór að finna fyrir einhverjum óþægindum eftir máltíðir. Hann tók magnesíum, hræddur við að hringja í lækni. Það var að lokum í röntgenmyndatöku sem sérfræðingur í Rouen fann góðkynja æxli í maga sem þurfti að fjarlægja strax. Mamma skammaði hann stanslaust fyrir að gera sér áhyggjur af engu. Hann fann einnig fyrir sektarkennd yfir kostnaðinum (á þessum tíma voru kaupmenn ekki með almannatryggingu). Hann sagði: „Þetta er nú dæmalaus óheppni“.

Eftir aðgerðina var hann eins stutt og hann mögulega gat inni á sjúkrahúsinu og jafnaði sig í rólegheitum heima fyrir. Hann hafði misst allan styrk. Hann mátti ekki lengur lyfta kössum eða vinna löngum stundum í garðinum af hættu við vöðvaslit. Héðan í frá var það algeng sjón að sjá mömmu á hlaupum úr kjallaranum með kassa af vörum eða kartöflupoka, að sinna tveimur störfum. Hann hafði glatað stoltinu fimmtíu og níu ára gamall. „Ég er einskis nýtur“. Hann beindi orðum sínum til mömmu. Hann átti ef til vill við eitthvað fleira.

---

<sup>113</sup> Neðanmálsgrein Classico Collège: „On est gens de revue : on va se revoir (familier)“ (Blévenec, 2012, 73). Þessi setning er skýrð í neðanmálsgrein sem óformleg aðferð við að segja „við sjáumst aftur“. Hún er þýdd með þessum orðum, en þó bætt við orðinu „nú“ til þess að komast nær talmáli. Þar að auki er orðinu „bara“ bætt inn í fyrri hluta setningarinnar, af sömu ástæðu, til þess að nálgast betur íslenskt talmál.

<sup>114</sup> Setningu skipt í tvennt.

En hann var staðráðinn í því að yfirstíga þetta, að byrja upp á nýtt enn einu sinni. Hann fór að huga að eigin heilsu og hugsa betur um sjálfan sig<sup>115</sup>. Matur varð að einhverjum agalegum hlut, annaðhvort af hinu góða eða slæma eftir því hvort hann fór vel í gegn eða kom aftan að honum. Hann þefaði af buffsteikinni eða fisknum áður en hann henti þeim á pönnuna. Jógúrtið mitt olli honum ógleði. Hann talaði um mataræði sitt á kaffihúsinu og í fjölskylduboðum, ræddi um heimalagaðar súpur, grænmetissúpur úr pakka og svo framvegis. Þetta var umræðuefni allra í kringum okkur, en flestir voru um sextugt.

Hann svalaði löngunum sínum. Reykt og soðin svínapylsa eða poki af hrossarækjum. Vonin um hamingju var oft á bak og burt með fyrsta munnbitanum. Á sama tíma lét hann alltaf eins og hann langaði ekki í neitt og sagði alltaf „ég ætla að fá mér *hálf*a skinkusneið“ eða „gefðu mér *hálf*t glas“. Svo voru það áráttunnar, eins og að taka Gauloises sígarettunnar úr pappírnum, sem var vondur á bragðið, og rúlla þeim af varkárni aftur upp í Zig-Zag pappírinn<sup>116</sup>

Til þess að koma í veg fyrir *stöðnun* fóru þau í bílferðir á sunnudögum, meðfram Signu, þar sem hann hafði eitt sinn unnið og á hafnargarðinn í Dieppe eða í Fécamp. Hendurnar hangandi niður með síðum, hnefarnir krepptir og handarbökin sneru út á við.<sup>117</sup> Stundum var hann með hendurnar spenntar fyrir aftan bak. Hann vissi aldrei hvað hann átti að gera við hendurnar þegar hann gekk. Á kvöldin beið hann eftir kvöldmatnum og geispaði. „Sunnudagar eru meira þreytandi en aðrir dagar“.

Síðan voru það stjórnmálin og þá helst spurningin um *hvernig þetta myndi nú allt enda* (stríðið í Alsír, uppreisn hershöfðingjanna, valdaránstílraunir OAS<sup>118</sup>) og stuðningurinn við *hinn mikla Charles*<sup>119</sup>.

---

<sup>115</sup> Ég vel hér að setja hér tvær setningar saman í eina, til þess að flæðið sé betra á íslensku.

<sup>116</sup> Neðanmálsgrein Classico Collège: „Gauloises : cigarettes ; Zig-Zag : papier à cigarettes“ (Blévenec, 2012, 74). Útskýring við þessa setningu segir að „gauloises“ séu sígarettur og „zig-zag“ sé sígarettupappír. Þetta eru þó ákveðin heiti á þessum hlutum og er þeim því haldið inni í þýðingu en bætt við orðunum „sígarettur“ og „pappír“.

<sup>117</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>118</sup> Neðanmálsgrein Classico Collège: „Putsch des généraux : le 23 avril 1961, tentative de coup d'État en Algérie, par des militaires français opposés à la décolonisation ; O.A.S. : Organisation de l'Armée Secrète, organisation française contre l'indépendance de l'Algérie lors de la guerre d'Algérie (1954-1962)“ (Blévenec, 2012, 75). Fjallað var um stríðið í Alsír í Þjóðviljanum á sínum tíma. Þar var talað um „Putsch des généraux“ sem „uppreisn hershöfðingjanna“ og O.A.S. gengur undir sama heiti (Valdaránsáætlun OAS ljóstrað upp, 1962, 1).

<sup>119</sup> Neðanmálsgrein Classico Collège: „Charles de Gaulle : général français qui a joué un rôle capital lors de la Seconde Guerre mondiale en appelant les Français à la Résistance ;

Ég hóf nám í Kennaraháskólanum í Rouen. Þar var ég í rúmlega fullu fæði og þvotturinn minn var þveginn fyrir mig.<sup>120</sup> Þarna var meira að segja maður, þúsundþjalasmiður, sem gerði við skó. Allt var þetta frítt. Pabbi<sup>121</sup> bar mikla virðingu fyrir þessu kerfi sem hugsaði alfarið um allt. Ríkið rétti mér umsvifalaust minn stað<sup>122</sup> í samfélaginu. Hann áttaði sig ekki á því af hverju ég fór úr skólanum á miðju skólaári. Hann skildi ekki að ég yfirgæfi slíkt öryggi<sup>123</sup>, þar sem ég var í fitun eins og aligæs, til þess eins að vera frjáls.

Ég var um langt skeið í London. Þegar ég var fjarri heimilinu var ég sannfærð um óápreifanlega ástúð hans til mín. Ég byrjaði að lifa mínu eigin lífi. Mamma skrifaði mér og lét mig vita hvað væri að fréttu af fólkinu í nágrenninu. Það er orðið þónokkuð kalt hér hjá okkur, vonum að það endist ekki lengi. Við fórum á sunnudaginn að heimsækja vinafólk okkar í Granville. Móðir þetta eða hitt er dáið sextíu ára að aldri, það er nú ekki mjög gamalt. Hún kunnir ekki að grínast skriflega, það var nógu erfitt fyrir hana að finna réttu orðin og setja þau saman. Það hefði verið enn erfiðara að skrifa eins og hún talaði, hún hafði aldrei lært það. Pabbi skrifaði undir. Ég skrifaði tilbaka í sama skýrslulega tóni<sup>124</sup>. Þau hefðu tekið öllum útfærslum á ritstíl sem aðferð til þess að halda þeim í vissri fjarlægð.

Ég fór aftur heim, en hélt á brott að nýju. Ég var í bókmenntanámi í Rouen. Þau skömmuðust minna, einungis hið hefðbundna orðaskak af gömlum vana: „Okkur vantar enn og aftur appelsín og það er þér að kenna“. „Hvað ert þú eiginlega að tala um við prestinn

---

devenu président de la République de 1959 à 1969, son mandat a été marqué par la guerre d'Algérie“ (Blévenec, 2012, 75). Í þessar neðanmálgrein er útskýrt hver Charles de Gaulle var, hershöfðingi sem spilaði lykilhlutverk í síðari heimsstyrjöldinni, var síðar forseti Frakklands og forsetatíð hans einkenndist af stríðinu í Alsír.

<sup>120</sup> Setningu skipt í tvennt.

<sup>121</sup> Nota hér „pabbi“ í stað „hann“, en í franska textanum er talað um „il“.

<sup>122</sup> Í franska textanum er hér orðið „place“. Það tengist hér beint titli bókarinnar. Ég tel best að nota orðið „staður“ til þess að þýða það í þessu samhengi og tengja það þannig íslenskri þýðingu á titli bókarinnar.

<sup>123</sup> Hér er orðið „endroit“ í franska textanum. Það mætti þýða sem „staður“ á íslensku, en þar sem það orð er notað örlítið ofar í textanum, og tengist titli bókarinnar, þyrfti að nota annað orð í þýðingunni. Það væri t.a.m. hægt að nota orðið „pláss“ og hafa þýðinguna þá „...skildi ekki að ég yfirgæfi svo öruggt pláss, þar sem...“. Hinsvegar má líka vel sleppa orðinu úr þýðingunni og breyta lýsingarorðinu „öruggt“ í nafnorðið „öryggi“. Það kemur þá út sem: „...skildi ekki að ég yfirgæfi slíkt öryggi, þar sem...“. Það kemur í raun betur út og er því sú leið farin hér.

<sup>124</sup> Hér er talað um „ton de constat“ og verið að vísa til þess tóns sem finnst í skýrslum, þ.e. ópersónulegur og óhlutdrægur tónn.

þegar þú hangir í kirkjunni heilu og hálfu dagana“. Hann hafði enn áform um að bæta útlit verslunarinnar og hússins en var æ minna með á nótunum í hvaða gagngeru breytingar þyrfti að ráðast til þess að laða að nýjan kúnnahóp. Hann lét sér nægja þann hóp sem hræddist lýtalausar matvöruverslanir miðbæjarins, þar sem afgreiðslustúlkurnar virtu vandlega fyrir sér *hvernig þú varst klæddur*. Metnaðurinn var á þrotum. Hann hafði sætt sig við það að verslunin hans var ekkert meira en lifibrauð sem myndi hverfa með honum.

Hann var ákveðinn í því núna að *njóta lífsins aðeins*. Hann fór seinna á fætur, á eftir mömmu, vann í rólegheitum á kaffihúsinu eða í garðinum, las dagblaðið frá byrjun til enda og hélt uppi löngum samræðum við alla. Hann vísaði óbeint í dauðann, með orðatiltækjum, það er vel þekkt hvað bíður okkar. Í hvert skipti sem ég kom heim sagði mamma: „Sjáðu pabba þinn, hann lifir eins og blómi í eggi!“.

Í lok sumars, í september, veiðir hann geitunga í eldhúsglugganum með vasaklútnum sínum og hendir þeim á eldavélarhelluna sem þá er búið að kveikja undir. Þeir kippast til á meðan þeir deyja og tærast upp.

Furðulegt og óraunverulegt líf mitt vöktu hvorki með honum áhyggjur né gleði. Hann hafði sætt sig við það að ég væri orðin tuttugu ára gömul og vel það og enn á skólabeck. „Hún er að læra til kennara“. Viðskiptavinirnir spurðu aldrei hvers konar kennara og hann mundi það heldur ekki, það var einungis nafnbótin sem skipti máli. „Samtímabókmenntir“ höfðu ekki sömu merkingu fyrir hann eins og stærðfræði eða spænska. Hann óttaðist að litið yrði svo á að ég nyti forréttinda og á þau sem efnað fólk fyrir að hafa ýtt mér í nám. En hann þorði ekki heldur að viðurkenna að ég væri á styrk, þá hefði fólki fundist þau vera heppin að ríkið væri að borga mér fyrir að vera iðjulaus ónytjungur. Honum fannst hann alltaf umkringdur öfund og afbrýðissemi og það kom ef til vill skýrast fram í ástandi hans. Stundum kom ég heim snemma á sunnudagsmorgni eftir að hafa verið að skemmta mér um nóttina og svaf fram á næsta kvöld. Þau sögðu ekki orð, samþykktu þetta nánast, það var eins og þetta væri staðfesting á því að ég væri samt sem áður eðlileg, stelpan hefur allan rétt til að skemmta sér *fallega*. Eða kannski höfðu þau einhverja ímynd um hinn menntaða millistéttarheim sem fyrirmyndarveröld, óskýra í þeirra augum. Þegar verkamannadóttir gekk í hjónaband með barn undir belti vissi allt hverfið af því.



Í sumarfríum bauð ég einni eða tveimur vinkonum úr skólanum til Y..., stelpum sem voru *fordómalausar* og héldu því fram að „það væri hugurinn sem gildi“. Af því að, eins og þeir sem vilja koma í veg fyrir forsmánarlegar athugasemdir um fjölskyldur þeirra, tilkynnti ég: „Það er allt mjög látlaust heima hjá mér“. Pabbi var ánægður að taka á móti þessum vel upp öldu stúlkum, hann talaði mikið við þær, sýndi öllu því sem sneri að þeim gífurlegan áhuga og af kurteisri forðaðist hann að láta samtalið deyja út. Samsetning máltíðanna var áhyggjuefni: „Borðar *ungfrú* Geneviève tómata?“. Hann lagði sig allan fram. Þegar ég dvaldi hjá fjölskyldu vinkonu minnar umrótaði koma mín ekki lífsháttum þeirra og ég tók eðlilegan þátt í þeim. Ég fór inn í þeirra heim þar sem hræðsla gagnvart óþekktu augnaráði fyrirfannst ekki, heimur sem var mér opinn af því að ég hafði gleymt siðum, hugmyndum og smekk míns eigin. Með því að láta eins og tilefni sé til veislu í þessum aðstæðum þegar þetta var ekkert nema hversdagsleg heimsókn vildi pabbi heiðra vinkonur mínar og líta út fyrir að kunna sig. Hann sýndi þó fyrst og fremst lægri stöðu sem þær gengust við gegn sinni betri vitund með því að segja til dæmis: „Góðan daginn herra, hvað segirðu<sup>125</sup>?“

Einu sinni sagði hann stoltur við mig: „Ég hef aldrei orðið þér til skammar“.

Eitt sinn í lok sumars *kom ég heim með* stjórn málafræðinema sem ég átti í sambandi við. Þetta var formföst hefð helguð því að fá leyfi til þess að tilheyra annari fjölskyldu en sem hafði verið lögð af hjá efnaðri millistéttinni þar sem pör komu og fóru eins og þeim sýndist. Til þess að taka á móti þessum unga manni hafði hann sett á sig bindi og skipt vinnugallanum út fyrir sparibuxurnar. Hann var himinlifandi og viss um að geta kallað tilvonandi eiginmann minn son sinn og myndað við hann karlmannleg tengsl sem myndu bæta upp fyrir samfélagslegan mismun þeirra. Hann sýndi honum garðinn og bílskúrinn sem hann smíðaði með eigin höndum. Hann lagði fram þessa friðþægingarfórn um það sem hann kunni með von um að strákurinn sem elskaði dóttur hans myndi viðurkenna verðleika hennar. Honum nægði að vera *vel upp alinn*, það var sá kostur sem foreldrar mínir kunnu hvað mest að meta af því

---

<sup>125</sup> Í frönsku setningunni er notað orðalag úr talmáli og gefur til kynna að stelpurnar ávarpi pabbann eins og hvern annan, þ.e. að þær líti ekki upp til hans og ávarpi hann af virðingu. Ensk þýðing notar orðalagið „*How's it going, sir*“ (Ernaux, 1992, 74), í stað þess að nota t.d. „*How do you do*“ sem væri fínna orðalag. Það getur verið erfitt að finna mikinn mun á íslensku orðalagi í þessu samhengi. Það er þó einhver munur á því að segja t.d. „Hvað segir þú?“ og „Hvernig hefur þú það?“, þar sem það síðarnefnda yrði flokkað sem fínna orðalag. Þar að auki viðgangast ákveðnar styttingar á slíku orðalagi innan íslenskunnar, en eingöngu í talmáli. Þannig verður „Hvað segir þú?“ að „Hvað segirðu?“. Hér verður því notast við slíka styttingu til þess að sýna að um talmál sé að ræða.

að þau sáu það sem gríðarlegt afrek. Þau reyndu ekki að komast að því hvort hann væri duglegur eða hvort hann drykki eins og þau hefðu gert ef um verkamann hefði verið að ræða. Þau voru haldin óbifanlegri sannfæringu um að þekking og góðir mannasiðir væru merki um afbragðs innri mann af guðs náð.

Þetta var eitthvað sem ef til vill hafði verið beðið eftir í mörg ár, einu áhyggjuefninu færra. Núna voru þau viss um það að ég myndi ekki *vera með hverjum sem er* eða að ég myndi verða *klikkuð*. Hann vildi nota sparnaðinn til þess að hjálpa ungu hjónunum og þannig bæta upp fyrir, með óendanlegu gjafmildi, þá menningarlegu og samfélagslegu fjarlægð sem var á milli hans og tengdasonarins. „Við höfum ekki þörf fyrir mikið lengur“.

Í brúðkaupsveislunni, á veitingastað með útsýni yfir Signu, heldur hann höfðinu hátt, með báðar hendur á servíettunni sem er útbreidd á hnjám hans og brosir lítilliga út í bláinn eins og fólk gerir þegar því leiðist að bíða eftir matnum. Þetta bros merkir einnig að allt hér í dag sé mjög vel heppnað. Hann er í bláum teinóttum jakkafötum sem hann lét gera eftir máli, hvíttri skyrtu og með ermahnappa í fyrsta skipti. Þessi mynd er frosin í minningunni eins og ljósmynd<sup>126</sup>. Ég hafði snúið mér að honum í miðjum hlátri og það hafði ekki komið mér á óvart að honum leiddist.

Eftir þetta hitti hann okkur aðeins öðru hverju.

Við bjuggum í ferðamannaþorpi í Ölpunum þar sem maðurinn minn var í stjórnunarstöðu. Við veggfóðruðum veggina með ljósbrúnum hessíanstriga, buðum upp á viskí í fordrykk og hlustuðum á úrval gamlar tónlistar<sup>127</sup> í útvarpinu. Þrjú kurteisisorð við húsverðinn. Ég smeygði mér inn í þennan helming heimsins en þar var hinn heimurinn aðeins leikmynd. Mamma skrifaði okkur, þið getið komið hingað heim og slappað af, en þorði ekki að bjóða okkur að koma til þess að heimsækja þau sjálf. Ég fór ein og þagði yfir raunverulegri

---

<sup>126</sup> Neðanmálsgrein Classico Collège: „Instantané : image soudain, immobile et précise que la mémoire fait surgir, telle une photographie“ (Blévennec, 2012, 79). Hér er átt við skyndimynd, hnitmiðaða og óbreytanlega sem minnið kallar fram eins og ljósmynd. Til þess að þýða þetta er því notað orðið „ljósmynd“ og bætt við að hún sé frosin í minningunni.

<sup>127</sup> Samkvæmt heimasíðu *Musique Ancienne* er þessi tegund tónlistar sú sem kom fram fyrir lok 18. aldar og innan hennar má finna tónlist frá miðöldum, endurreisnartímanum, barkokktímabilinu og klassíska tónlist. Á íslensku er einfaldlega talað um „gamla tónlist“ og er það því notað hér.

ástæðunni að baki áhugaleysi tengdasonarins, ástæða sem við tvö töluðum ekki um okkar á milli og sem ég tók sem sjálfgefnum hlut. Hvernig gæti maður sem fæddur er inn í háskólagengna millistéttarfjölskyldu og er leikinn í notkun hæðni haft gaman af samvistum við *sómafólk* þar sem góðvildin í hans garð næði aldrei í hans augum að veða upp á móti grundvallaratriðinu sem skorti: Vitsmunalegum samræðum. Ef einhver braut til dæmis glas í fjölskyldu hans var kallað um leið, „Ó, það er brotið, ekki snerta!<sup>128</sup>“ (Lína úr ljóði eftir Sully Prud'homme).

Það var alltaf hún sem beið eftir mér við hliðið þegar ég steig niður úr lestinni frá París. Hún krafðist þess að halda á töskunni minni og sagði: „Hún er alltof þung fyrir þig, þú ert ekki vön þessu“. Á kaffihúsinu voru einn eða tveir viðskiptavinir sem hann hætti að afgreiða í eitt augnablik til þess að kyssa mig á sinn snubbótta hátt. Ég settist niður í eldhúsinu, þau stóðu, hún við hliðina á stiganum, hann í dyragættinni að kaffihúsinu. Á þessum tíma dagsins lýsti sólin upp borðin og glösin á barborðinu, stundum var viðskiptavinur baðaður sólargeislum sem hlustaði á okkur. Ég hafði hreinsað foreldra mína af hátterni þeirra og orðalagi á meðan ég var í burtu, sveipað þau dýrðarljóma. Nú heyrði ég að nýju hvernig þau sögðu „mér hlakkar til“ í stað „ég hlakka til“<sup>129</sup> og töluðu háum rómi. Ég uppgötvaði að þau voru enn eins og þau hafa alltaf verið, laus við þá „látlausu“ framkomu og viðeigandi orðalag sem ég var núna orðin vön. Mér fannst ég aðskilin frá sjálfri mér.

Ég tek gjöfina sem ég kom með handa honum upp úr töskunni. Hann tekur hana upp glaður í bragði. Þetta var rakspíraglas. Vandræðalegur hlátur, til hvers er þetta notað? Svo segir hann: „Ég mun lykta eins og gæra!“. En hann lofar að nota hann. Fáránlegt atriði lélegrar gjafar. Mig langar að gráta eins og áður fyrr: „Hann breytist þá aldrei!“.

---

<sup>128</sup> Ljóðið *Le Vase Brisé* eftir Sully Prud'homme hefur komið út í íslenskri þýðingu Yngva Jóhannessonar. Línan sem um ræðir er úr síðasta erindi ljóðsins: „Í augum heims hún er enn blómið; en á sér taug í þjáning herta; og hjartans þel er þorstatómið.; Ó, það er brotið, snerta!“ (Yngvi Jóhannesson, 1973, 77). Hér var ákveðið að notast við þýðinga Yngva.

<sup>129</sup> Hér er um að ræða ákveðna framburðarvillu hjá foreldrunum sem notuð er til þess að benda á vanfærni þeirra í tungumálinu og þar af leiðandi lægri stöðu þeirra í samfélaginu. Það var farin sú leið að nota íslenska málfræðivillu sem er ansi algeng og talin merki um óvandað málfar: Mér hlakkar til (í stað ég hlakka til, sem er málfræðilega rétt). Á íslenskri orðabók Snöru.is er fjallað um orðasambandið „að hlakka til“ og það sett upp bæði með nefnifalli og þolfalli/þágufalli. Við nefnifall (ég hlakka til) er merking orðasambandsins útskýrt sem „e-r bíður fagnandi eftir e-u“. Við þolfall/þágufall er tekið fram að um ópersónulega notkun sagnarinnar með aukafallsfrumlagi í þolfalli eða þágufalli sé að ræða og að sú notkun sé allalgeng en sé ekki talin gott mál.

Við töluðum um fólkið í hverfinu, hverjir væru búnir að gifta sig, hverjir væru dánir og hverjir væru farnir frá Y... Ég lýsti íbúðinni, skrifborðinu í Loðvíks Filippusar stílnum<sup>130</sup>, rauðu flauelsstólunum og hljómflutningsgræjunum. Hann hætti fljótt að hlusta. Hann hafði alið mig upp til þess að njóta munaðar sem hann sjálfur þekkti ekki, hann var ánægður en Dunlopillo rúmdýnan<sup>131</sup> eða antík kómmóðan höfðu enga merkingu fyrir hann aðra en þá að mér gengi vel. Hann sagði oft til þess að stytta mál mitt: „Þið hafið fulla ástæðu til þess að njóta til hins ítrasta“.

Ég stoppaði aldrei nógu lengi. Hann lét mig hafa koníaksflösku handa manningum mínum. „Já, hann kemur einhverntíman seinna“. Hann var stoltur af því að gefa ekkert uppi, *að sópa öllum tilfinningum undir teppið*<sup>132</sup>.

Þegar fyrsti stórmarkaðurinn opnaði í Y... laðaði hann að verkafólk hvaðanæva frá, loksins var hægt að versla án þess að þurfa að biðja einhvern um allt. En fólk ónáðaði samt kaupmanninn á horninu fyrir einn kaffipoka sem gleymdist að kaupa í bænum, ógerilsneydda mjólk eða pakka af Malabar tyggigúmmí á leiðinni í skólann. Hann fór að velta fyrir sér að selja verslunina. Þau myndu koma sér fyrir í samliggjandi húsi sem þau hljóta að hafa keypt um leið og fyrirtækið, tveggja herbergja ásamt eldhúsi og kjallara. Hann tæki með sér nokkrar flöskur af góðu víni og niðursuðudósir. Hann myndi ala nokkrar hænur til þess að fá fersk egg. Þau kæmu að heimsækja okkur til Haute-Savoie héraðsins. Hann var nú þeirrar hamingju aðnjótandi að búa við almannatryggingar, orðinn sextú og fimm ára gamall. Þegar hann kom úr apótekinu settist hann við borðið og límdi kvittanirnar inn í bók glaður í bragði.

Hann hafði sífellt meiri ánægju af lífinu.

---

<sup>130</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Secrétaire Louis-Philippe : meuble inspiré de l'époque de Louis-Philippe, roi de France de 1830 à 1848“ (Blévenec, 2012, 81). Hér er átt við að hönnun þessarar skrifborðsmublu sækir innblástur sinn til tíma Lúðvíks Filippusar, konungs Frakklands frá 1830 til 1848.

<sup>131</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Dunlopillo : marque de matelas“ (Blévenec, 2012, 81). Dunlopillo er merki yfir rúmdýnur. Orðinu „rúmdýna“ er því bætt inn til þess að þýðingin sé skýrari.

<sup>132</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Expression signifiant qu'on met de côté sa fierté pour supporter une chose blessante“ (Blévenec, 2012, 81). Neðanmálgrein hérna gerir grein fyrir merkingu þessarar setningar. Hún merkir að maður leggi til hliðar eigið stolt til þess að umbera eitthvað sem særir mann.

Nokkrir mánuðir hafa liðið frá því að ég byrjaði á þessari frásögn í nóvember. Þetta hefur tekið mig langan tíma.<sup>133</sup> Það var ekki eins auðvelt að draga fram í dagsljósið gleymdar staðreyndir eins og að búa eitthvað til. Minnið veitir mótspyrnu. Ég gat ekki treyst á endurminningar, í ískrandi bjöllu gamallar verslunar og lyktinni af ofþroskaðri melónu finn ég einungis sjálfa mig og sumarfríin mín í Y... Liturinn á himninum eða spegilmynd aspartrjáanna í nálægri Oise ánni veittu mér engar upplýsingar. Það er í háttalagi fólks þegar það sest niður og lætur sér leiðast á biðstofum, hvernig það kallar á börnin sín og kveðst á brautarpallinum sem ég leitaði að persónu þabba. Það var hjá ókunnugum manneskjum sem ég sá hér og þar, manneskjum sem báru með sér merki um styrk eða auðmýkt án þess að vita það sjálfar, sem ég fann gleymdan raunveruleikann um hlutskipti hans.

Vorið kom ekki, mér fannst ég vera innilokuð í sama veðurfarinu síðan í nóvember, nöpru og vætusömu, en aðeins kaldara yfir háveturinn. Ég hugsaði ekki um endi bókarinnar. Núna veit ég að hann nálgast. Það fór að hlýna í byrjun júní. Morgunilmurinn gaf til kynna að þetta yrði fallegur dagur. Bráðum mun ég ekki hafa neitt meira til þess að skrifa um. Mig langar að tefja síðustu blaðsíðurnar, þannig að þær séu alltaf fyrir framan mig. En það er þó ekki lengur hægt að fara of langt til baka, lagfæra eða bæta við staðreyndum, né heldur að spyrja mig hvar hamingjan hafi verið. Ég ætla að taka morgunlestina og ég verð ekki komin fyrir en um kvöld eins og vanalega. Í þetta skipti tek ég tveggja og hálfis árs gamlan dótturson þeirra með mér.

Mamma beið eftir mér við hliðið, hún hafði smeygt sér í jakka yfir hvíta sloppinn og var með klút yfir hárinu sem hún hafði ekki litað síðan ég gifti mig. Drengurinn, sem var þögull af þreytu og áttavilltur við lok þessa ferðalags sem ætlaði engan endi að taka, leyfði henni að kyssa sig og leiða burt. Hitinn hafði aðeins fallið niður. Mamma gengur alltaf stuttum og hröðum skrefum. Allt í einu stöðvaði hún og kallaði: „Svona nú, það eru litlir fætur með í för“. Pabbi beið eftir okkur í eldhúsinu. Mér fannst hann ekki hafa elst. Mamma benti á að hann hafi farið til rakarans deginum áður til heiðurs litla drengnum. Við tók ruglingslegt atriði þar sem þau hrópuðu í kapp við hvort annað, vörpuðu spurningum á drenginn án þess að bíða eftir svari, skömmuðust sín á milli fyrir að þreyta þennan litla herra mann, ánægð að hitta hann loks. Þau reyndu að finna út *hvoru okkar hann líktist meira*.

---

<sup>133</sup> Setningu skipt í tvennt.

Mamma sýndi honum nammikrukkuna. Pabbi sýndi honum jarðarberin í garðinum, því næst kanínurnar og endurnar. Þau náðu algjörum tökum á barnabarninu og tóku ákvarðanir um allt það sem viðkom honum, eins og ég væri ennþá lítil stúlka, óhæf að hugsa um barn. Þau uppeldisatriði sem ég taldi mikilvæg, eins og miðdegishvöldin og að sleppa öllum sætindum, vöktu hjá þeim efasemdir. Við borðuðum öll fjögur við borðið hjá glugganum, ég með barnið í kjöltunni. Þetta var fagurt og kyrrlátt kvöld, augnablik sem minnti á endurlausn.

Gamla herbergið mitt hafði haldið í hitann frá því um daginn. Þau höfðu komið fyrir litlu rúmi við hliðina á mínu fyrir litla herraþingmanninn. Eftir að hafa reynt að lesa svolítið lá ég andvaka í tvo klukkutíma. Um leið og náttborðslampanum var stungið í samband dökknaði snúran, neistar flugu og peran sprakk. Lampinn var eins og kúla í laginu sem lá ofan á marmarafæti, með koparstyttu af kanínu sem stóð með loppurnar dregnar að sér. Mér hafði eitt sinn fundist hann fallegur. Hann hefði átt að vera orðinn ónýtur fyrir löngu. Það hafði aldrei verið gert við neitt heima, hlutirnir voru látnir afskiptalausir.

Núna erum við á öðrum tímapunkti.

Ég vaknaði seint. Mamma talaði blíðlega við pabba í herberginu við hliðina. Hún sagði mér frá því að hann hefði kastað upp snemma morguns og hafði ekki náð að komast að koppnum. Hún taldi víst að þetta væru meltingartruflanir vegna afgangansins af alifuglakjötinu sem við borðuðum í hádeginu daginn áður. Hann hafði aðallega áhyggjur af því hvort hún hefði þrifið gólfið og kvartaði undan verk einhversstaðar fyrir brjóstinu. Mér fannst röddin hans hafa breyst. Þegar litli herramaðurinn fór upp að honum veitti hann honum enga athygli og lá kyrr á bakinu.

Læknirinn fór beinustu leið upp í herbergið. Mamma var að afgreiða. Að því loknu fór hún einnig upp og þau komu svo bæði niður í eldhúsið. Neðst í stiganum hvíslaði læknirinn að það þyrfti að flytja hann á Hôtel-Dieu sjúkrahúsið<sup>134</sup> í Rouen. Mamma brotnaði saman. Frá upphafi sagði hún við mig: „Hann vill alltaf borða það sem fer ekki vel í hann“. Við pabba sagði hún um leið og hún færði honum sóðavatn: „En þú veist vel að þú ert með viðkvæman maga“. Hún kuðlaði saman hreinu munnþurrkunninu sem notuð hafði verið við læknisskoðunina og virtist ekki átta sig á eða sætta sig við alvarleika veikindanna.<sup>135</sup> Veikinda sem við höfðum

---

<sup>134</sup> Neðanmálsgrein Classico Collège: „Hôtel-Dieu : hôpital“ (Blévennec, 2012, 84). Hôtel-Dieu er sjúkrahús, og hér er því bætt inn í textann til skýringar.

<sup>135</sup> Setningu skipt í tvennt.

ekki gert okkur grein fyrir. Læknirinn leiðrétti sig, við gátum beðið fram á kvöld með að taka ákvörðun, þetta var kannski ekkert annað en hitaslag.

Ég fór og sótti lyfin. Það var mollulegt veður þennan dag. Apótekarinn þekkti mig. Það voru aðeins fleiri bílar á götunum en í síðustu heimsókn minni árinu áður. Þar sem allt hér minnti um of á þá tíma þegar ég var lítil gat ég ekki talið sjálfri mér trú um að pabbi væri í raun og veru veikur. Ég keypti grænmeti til þess að útbúa kássu. Viðskiptavinirnir voru undrandi að sjá ekki búðarstjóran, að hann væri ekki enn kominn á fætur á svona fallegum degi. Þeir fundu einfaldar útskýringar á lasleika hans og notuðu eigin reynslu sem sönnunargögn, eins og: „Það var yfir 40 stiga hiti í garðinum í gær, ég hefði fallið í yfirlið ef ég hefði verið þar jafn lengi og hann“. Eða: „Þessi hiti fer ekki vel í mann, ég borðaði ekki neitt í gær“. Eins og mamma héldu þeir að pabbi væri veikur af því að hann reyndi að brjóta gegn lögmáli náttúrunnar og láta sem hann væri ungur maður, nú væri þetta refsingin en hann ætti ekki að endurtaka þetta.

Þegar það var kominn tími fyrir blundinn spurði drengurinn mig þegar hann gekk fram hjá rúminu: „Af hverju er maðurinn að lúlla?“.

Mamma skaust alltaf upp á milli viðskiptavina. Í hvert skipti sem bjallan hringdi kallaði ég upp til hennar, eins og áður fyrr „það er einhver kominn“ svo hún kæmi niður að afgreiða. Hann drakk ekkert nema vatn, en ástand hans versnaði ekki. Um kvöldið minntist læknirinn ekki aftur á sjúkrahúsið.

Daginn eftir stundi hann af reiði eða kvartaði yfir því að hafa ekki borðað í tvo daga í hvert skipti sem ég eða mamma spurðum hann hvernig honum liði. Læknirinn hafði ekki gert að gamni sínu, eins og hann gerði vanalega, með því að segja: „Vindgangurinn hefur farið öfuga leið“. Þegar ég sá hann koma niður stigann beið ég alltaf eftir því eða einhverju öðru spaugi. Um kvöldið hvíslaði mamma að mér niðurlút: „Ég veit ekki hvað mun gerast“. Hún hafði ekki enn minnst á mögulegan dauða pabba. Frá því deginum áður höfðum við borðað saman og hugsað um barnið án þess að tala um veikindin okkar á milli. Ég svaraði: „Við sjáum hvað setur“. Þegar ég var í kringum átján ára aldurinn varpaði hún stundum á mig setningunni „ef þú verður fyrir *óláni*... þá veistu hvað þú þarft að gera“. Það var ekki nauðsynlegt að útskýra hvers konar ólán, við vissum báðar um hvað þetta snerist án þess að þurfa að segja orðin, að verða ólétt.

Andardráttur pabba varð þungur og slitróttur aðfaranótt laugardags. Síðan heyrðist lágvær, samfelldur niður, aðskilinn andardrættinum. Þetta var hræðilegt af því að við vissum ekki hvort hann kæmi frá lungunum eða þörmunum, það var eins og allt sem var innra með honum talaði saman. Læknirinn sprautaði hann með deyfilyfi. Hann róaðist. Eftir hádegið

gekk ég frá straujuðum þvotti inn í skáp. Fyrir forvitni tók ég út bleikan léreftsdúk og breiddi úr honum á rúmstokknum. Þá reisti hann sig við til þess að sjá hvað ég væri að gera og sagði við mig með nýju röddinni: „Þetta er til þess að setja utan um dýnuna þína, mamma þín er búin að setja á þessa hérna“. Hann togaði í rúmteppið svo hann gæti sýnt mér dýnuna. Þetta var í fyrsta skipti frá upphafi veikindanna sem hann sýndi áhuga á einhverju í kringum sig. Þegar ég hugsa til baka finnst mér eins og að á þessu augnabliki hafi enn verið von, að þessi orð merki að hann sé ekki mjög veikur, þegar í raun og veru þessi tilraun til þess að tengjast umheiminum upp á nýtt þýddi að hann fjarlægðist hann.

Eftir þetta talaði hann ekki meira við mig. Hann var með fulla meðvitund, sneri sér við fyrir sprauturnar þegar hjúkrunarkonan kom og svaraði spurningum mömmu hvort honum væri illt eða hvort hann væri þyrstur með annaðhvort já eða nei. Annað slagið mótmældi hann, eins og lykillinn að bata væri til staðar en honum væri neitað um hann af einhverjum óþekktum einstakling: „Ef ég mætti nú að minnsta kosti borða“. Hann var hættur að telja dagana sem hann hafði verið á fastandi maga. Mamma endurtók: „Smávegis matarkúr gerir engum mein“. Drengurinn lék sér í garðinum. Ég fylgdist með honum á meðan ég reyndi að lesa *Les Mandarins* eftir Simone de Beauvoir. Ég komst ekki inn í þessa þykku bók, á einhverri blaðsíðunni myndi pabbi ekki vera lengur á lífi. Viðskiptavinirnir spurðu alltaf hvernig hann hefði það. Þeir vildu vita hvað væri nákvæmlega að honum, kransæðastífla eða sólstingur, óskýr svör mömmu vöktu upp efasemdir og þeir héldu að við vildum leyna þá einhverju. Fyrir okkur skipti heitið ekki lengur máli.

Á sunnudagsmorgninum vaknaði ég við ósamfellt og hljómpýtt muldur. Þetta var síðasta smurningin<sup>136</sup> samkvæmt kaþólskunni. Svívirðilegasta athöfn sem til er, ég þrýsti höfðinu á kaf í koddann. Mamma hafði þurft að fara snemma á fætur til þess að ná á prestinn eftir fyrstu messuna.

Seinna, á meðan mamma var að afgreiða, fór ég upp til hans. Ég kom að honum sitjandi á rúmstokknum með höfuðið hallandi og hann starði örvæntingarfullur á stólinn við hliðina á rúminu. Hann hélt á tómu glasinu með útréttri höndinni. Höndin skalf ákaft. Ég áttaði mig ekki strax á því að hann vildi setja glasið á stólinn. Í nokkrar óendanlega langar sekúndur horfði ég á höndina. Á örvæntingu hans. Loks tók ég glasið, lagði það frá mér og kom fótleggjum hans aftur upp í rúmið. Ég hugsaði „ég get gert þetta“ eða "ég hlýt að vera orðin stór stelpa fyrst ég er að gera þetta“. Ég vogaði mér að horfa almennilega á hann. Í

---

<sup>136</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Extrême-onction : dans la religion catholique, dernier sacrement donné à un mourant“ (Blévenec, 2012, 87). Í kaþólsku trúnni er „extrême-onction“ síðasta smurning dauðvona manns.



andlitinu var ekki að finna nema fjarlægga tengingu við það sem ég hafði alltaf þekkt. Varirnar voru uppbrettar umhverfis gervitennurnar, sem hann hafði neitað að taka úr sér, svo það sást í góminn. Hann var orðinn eins og einn af rúmföstu gamlingjunum á dvalarheimilinu sem skólastýra klausturskólans lét okkur gaula jólalög fyrir. Samt fannst mér að jafnvel í þessu ásigkomulagi gæti hann enn lifað lengi.

Ég lagði drenginn niður til svefns klukkan hálf eitt. Hann var ekki þreyttur og hoppaði á gormadýnunninni af öllum kröftum. Pabbi átti erfitt með að anda, augun voru galopin. Mamma lokaði kaffihúsinu og matvöruversluninni um klukkan eitt, eins og á hverjum sunnudegi. Hún fór upp til hans. Á meðan ég vaskaði upp komu frændi minn og frænka. Ég bauð þeim upp á kaffi. Ég heyrði mömmu ganga hægt um fyrir ofan, á leiðinni niður. Ég hélt, þrátt fyrir óvenjulega hæg sporin, að hún væri að koma að fá sér kaffisopa. Þegar hún var rétt komin að beygjunni í stiganum sagði hún dauflega: „Þetta er búið“.

Það er búið að loka versluninni. Þarna er nú íbúðarhús með terlín gardínum í gömlu búðargluggunum. Fyrirtækið var lagt niður við brottför mömmu, en hún býr núna í lítilli stúdíóíbúð nálægt miðbænum. Hún lét setja fallegan legstein úr marmara á leiðið. A... D... 1899-1967. Einfalt og þarfnast ekki viðhalds.

Ég hef lokið við að segja frá þeirri arfleifð sem ég þurfti að skilja eftir við þröskuld millistéttar- og menntaheimsins þegar ég gekkst við honum.

Einn sunnudag eftir messu þegar ég var tólf ára fórum við pabbi upp stóru tröppurnar á ráðhúsinu. Við vorum að leita að innganginum að bókasafninu. Við höfðum aldrei farið þangað áður. Ég hlakkaði alveg ógurlega mikið til. Það var algjör þögn hinum megin við hurðina. Pabbi ýtti samt sem áður á hana. Það var hljóðlát þarna, hljóðlátara en inni í kirkjunni, það brakaði í gólfinu og það var furðuleg, gömul lykt í loftinu. Tveir menn horfðu á okkur nálgast frá háu afgreiðsluborði sem lokaði af aðgang að hillunum. Pabbi leyfði mér að segja: „Okkur langar að fá lánaðar bækur“. Annar mannanna sagði um leið: „Hvaða bækur viljið þið?“. Við höfðum ekki hugsað út í það áður en við komum, að við þyrftum að vita fyrirfram hvað við vildum, að geta nefnt bókartitla jafn auðveldlega og kextegundir. Við

völdum á staðnum, *Colomba* fyrir mig og *léttu* skáldsögu eftir Maupassant<sup>137</sup> fyrir pabba. Við fórum ekki aftur á bókasafnið. Mamma þurfti að skila bókunum, örugglega of seint.

Hann fór með mig í skólann á hjólinu sínu. Ferjaði mig frá einum bakka að þeim næsta, í rigningu eða sól.

Hann var kannski stoltastur af því, eða jafnvel réttlætti hann tilveru sína með því: Að ég tilheyrði þeim heimi sem litið hafði niður til hans.

Hann söng: *Vegir liggja til allra átta*<sup>138</sup>.

Ég man eftir einum bókartitli, *L'Expérience des limites*<sup>139</sup>. Ég varð svo vonsvikin þegar ég byrjaði að lesa hana, hún fjallaði eingöngu um frumspeki og bókmenntir.

Allan tímann á meðan ég skrifaði þetta fór ég yfir verkefni og sendi frá mér ritgerðardæmi af því að ég fæ borgað fyrir að gera það. Þessi leikur með hugmyndir hafði sömu áhrif á mig og munaður, bæði vegna þess að hann virtist óraunverulegur og vakti upp löngun til þess að gráta.

---

<sup>137</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „*Colomba* : nouvelle de Prosper Mérimée (1803-1870), écrivain français ; Maupassant (1850-1893) : écrivain français auteur de nouvelles réalistes et fantastiques“ (Blévennec, 2012, 89). *Colomba* er smásaga eftir Prosper Mérimée. Hún hefur ekki verið þýdd yfir á íslensku og því er notast við franska heitið.

<sup>138</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „Refrain d'une chanson populaire“ (Blévennec, 2012, 89). Hér er viðlag úr frönsku alþýðulagi. Beinþýdd myndi setningin hljóma eitthvað á þessa leið: „Árin leiðir okkur í hring“. Mér fannst vera tenging á milli þess að þeirrar staðreyndar að dóttirin er hluti að öðrum heimi en pabbinn, að þau séu að fara í einhversskonar hring (þó það sé í raun hálfhringur). Ég vildi því finna bút úr íslensku alþýðulagi sem gæfi svipaða hluti til kynna. Þá datt mér í hug lagið „Vegir liggja til allra átta“, en út úr því er hægt að skilja að dótturinni standi opnar ýmsar leiðir í lífinu, sem pabbanum stóðu ekki til boða.

<sup>139</sup> Neðanmálgrein þýðanda: Sé bókartitillinn beinþýddur yfir á íslensku er hann eitthvað á þessa leið: „Reynsla af takmörkunum“.

Í október í fyrra, þegar ég beið í röð með körfuna mína áttaði ég mig á því að afgreiðslustúlkan var gamall nemandi minn. Ég mundi sem sagt skyndilega eftir því að hún hafði verið nemandi minn fimm eða sex árum áður. Ég hafði gleymt nafninu og í hvaða tíma hún hafði verið hjá mér. Til þess að segja eitthvað þegar röðin kom að mér spurði ég hana: „Hvernig hefur þú það? Ertu ánægð hér?“. Hún svaraði jájá. Eftir að hafa stimplað niðursuðudósirnar og drykkina inn sagði hún vandræðalega: „Þetta gekk ekki upp í tækniskólanum<sup>140</sup>“. Hún virtist halda að ég myndi enn eftir námsbrautinni sem hún var á. En ég var búin að gleyma af hverju hún hafði verið send í tækniskólann og á hvaða braut. Ég kvaddi hana: „Vertu sæl“. Hún var þegar byrjuð að taka vörur næsta viðskiptavinar með vinstri höndinni og stimplaði inn með þeirri hægri án þess að horfa.

*nóvember 1982 – júní 1983*

---

<sup>140</sup> Neðanmálgrein Classico Collège: „C.E.T. : collège d'enseignement technique“ (Blévenec, 2012, 90). Í neðanmálgrein er C.E.T. skýrt sem tækniskóli.

## Bibliographie

- Bacholle, M. (1998). Interview with Annie Ernaux: Écrire le vécu. *Contemporary French and Francophone Studies*, 2 (1), p. 141-151.
- Bacholle-Bošković, M. (2003). Confessions d'une femme pudique: Annie Ernaux. *French Forum*, 28 (1), p. 91-109.
- Blévennec, É. P. (2012). Dossier. Dans Annie Ernaux, *La Place*. Paris: Belin Gallimard.
- Busnel F. (Présentateur) et Soland, A. (Réalisateur). (2011, 1 décembre). Un entretien avec Annie Ernaux à propos de son ouvrage *Écrire la vie* [une émission d'un programme télévisive]. Dans France Télévision et Rosebud Production *La Grande Librairie* sur France 5. Récupéré le 11 novembre 2013 de <http://youtu.be/96z7UAmWD3s>
- Centre National de Ressources Textuelles et Lexicales: CNRTL (2009). <http://www.cnrtl.fr>
- Day, L. (2005). Entraîner les lecteurs dans l'effacement du réel: Interview with Annie Ernaux. *Romance Studies*, 23 (3), p. 223-236.
- Ernaux, A. (1983). *La Place*. Paris: Gallimard.
- Ernaux, A. (1987). *Une femme*. Paris: Gallimard.
- Ernaux, A. (1992). *A Man's Place*. (T. Leslie a traduit). New York: Seven Stories Press. (Publication d'origine 1983).
- Ernaux, A. (1997). *La honte*. Paris: Gallimard.
- Ernaux, A. et Fort, P. L. (2003). Entretien avec Annie Ernaux. *The French Review*, 76 (5), p. 984-994.
- Frönsk-íslensk orðabók* (1995). Þór Stefánsson a édité. <http://www.snara.is/>
- Garaud, C. (1994). Ecrire la différence sociale: registres de vie et registres de langue dans *La Place* d'Annie Ernaux. *French Forum*, 19 (2), p. 195-314.
- Grenfell, M. (2008a). Biographie of Bourdieu. Dans M. Grenfell (éditeur), *Pierre Bourdieu: Key Concepts* (p. 11-25). Stocksfield: Acumen.
- Grenfell, M. (2008b). Introduction. Dans M. Grenfell (éditeur), *Pierre Bourdieu: Key Concepts* (p. 1-10). Stocksfield: Acumen.
- Grenfell, M. (2008c). Introduction to Part II. Dans M. Grenfell (éditeur), *Pierre Bourdieu: Key Concepts* (p. 43-47). Stocksfield: Acumen.
- Íslensk orðabók* (2002). Mörður Árnason a édité. <http://www.snara.is/>
- Íslenska alfræðiorðabókin* (2011). <http://www.snara.is/>

- Leslie, T. (1992). Remarques. Dans Annie Ernaux, *A Man's Place*. New York: Seven Stories Press. (Publication d'origine 1983).
- Lévy, C. et Heinich, N. (2000). L'épreuve de la grandeur. Prix littéraires et reconnaissance. *Revue française de sociologie*, 41 (3), p. 564-566.
- Litvinavičienė, I. (2007). Les aspects sociologique dans l'œuvre d'Annie Ernaux. *Literatūra*, 49 (5), p. 164-171.
- Maton, K. (2008). Habitus. Dans M. Grenfell (éditeur), *Pierre Bourdieu: Key Concepts* (p. 49-65). Stocksfield: Acumen.
- Moisy, H. (1887). *Dictionnaire de patois normand*. Caen: Henri Delesques.
- Musique Ancienne (s. d.). Récupéré le 29 octobre 2013 de <http://www.musiqueancienne.com/>
- Ómar Ragnarsson (2012, 12 janvier). *Syndir feðranna*. Récupéré le 17 octobre 2013 de <http://omarragnarsson.blog.is/blog/omarragnarsson/entry/1216780/>
- Pivot, B. (Producteur) et Cazenave, J. (Réalisateur) (1984, 6 avril). Un entretien avec Annie Ernaux à propos de son ouvrage *La Place* [une émission d'un programme télévisive]. Dans Antenne 2 *Apostrophe* sur INA. Récupéré le 11 novembre 2013 de <http://www.ina.fr/video/I11095690/annie-ernaux-la-place-video.html>
- Robbins, D. (2008). Theory of Practice. Dans M. Grenfell (éditeur), *Pierre Bourdieu: Key Concepts* (p. 27-47). Stocksfield: Acumen.
- Romanowski, S. (2002). Passion simple d'Annie Ernaux: le trajet d'une féministe. *French Forum*, 27 (3), p. 99-114.
- Romeral, F. (2013). Les années 80 et l'épanouissement de l'autofiction: Annie Ernaux et alii. *Intercâmbio*, 6, p. 136-157.
- Romm, M. (1965). Sergei Mihailovitsj Eisenstein (Ingibjörg Haraldsdóttir a traduit). *Neisti*, 3 (8), p. 10-11.
- Seys, É. (2012). *Ces femmes qui écrivent: de Madame de Sévigné à Annie Ernaux*. Paris: Ellipses.
- Stiklað á stóru í sögu Renault* (1998, 28 janvier). Récupéré le 17 octobre 2013 de <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/405811/>
- Tarte (2013). Dans *ABC de la langue française*. Récupéré le 29 septembre 2013 de [http://www.languefrancaise.net/bob/liste.php?motsclef=tarte&submit=Gi!&module=si\\_terech&exact=1](http://www.languefrancaise.net/bob/liste.php?motsclef=tarte&submit=Gi!&module=si_terech&exact=1)
- Thomas, L. (1999). *Annie Ernaux: An Introduction to the Writer and her Audience*. Oxford: New York.

Thomson, P. (2008). Field. Dans M. Grenfell (éditeur), *Pierre Bourdieu: Key Concepts* (p. 67-81). Stocksfield: Acumen.

Tondeur, C.-L. (1996). *Annie Ernaux ou l'exil intérieur*. Amsterdam: Rodopi.

Valdaránsáætlun OAS ljóstrað upp (1962, 21 janvier). *Þjóðviljinn*, 27 (17), p. 1.

Vance, B. (2008). *Motoring Memories: Renault 4CV, 1947-1961*. Récupéré le 17 octobre 2013 de <http://www.autos.ca/motoring-memories/motoring-memories-renault-4cv-1947-1961/>

Yngvi Jóhannesson (1973). *Ljóðabýðingar 1. bindi*. Reykjavík: Stafafell.